



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Í ársskýrslu Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu fyrir starfsárið 2021-2022 er greint frá starfssemi félagsins á starfsárinu. Í ársskýrslunni er yfirlit frá fagfélögum, styrktarsjóðum, orlofssjóði, trúnaðarmannaráði, fulltrúaráði ásamt yfirliti um kjaramál, stofnun ársins, styttingu vinnuvikunnar o.fl.



Ábyrgðarmaður

Pórarinn Eyfjörð

Umsjón með útgáfu

Axel Jón Ellenarson

Skrifstofa Sameykis

Grettisgata 89 - 105 Reykjavík
Símar: 525 8340 / 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

EFNISYFIRLIT

- 4 Trúnaðarmannaráð
- 6 Fulltrúaráð
- 8 Kjaramál
- 11 Stofnun ársins
- 12 Fræðslusjóðir Sameykis
- 13 Styrkir til stofnana
- 14 Fræðslustarf Sameykis
- 16 Starfsmennt fræðslusetur
- 17 Fulltrúar Sameykis
- 18 Stjórn Sameykis
- 20 Útgáfa og miðlun
- 22 Orlofsmál Sameykis
- 24 Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis
- 25 Styrktarsjóður BSRB
- 26 Deild atvinnubílstjóra Strætó bs.
- 26 Virk starfsendurhæfingarsjóður
- 27 Framvegis fræðslumiðstöð
- 28 Háskóladeild Sameykis
- 28 Lífeyrisdeild Sameykis
- 29 Félag íslenskra félagsliða
- 29 Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa
- 29 Fangavaraðafélag Íslands
- 30 Félag heilbrigðisgagnafræðinga

Prentun

Prentmet/Oddi. Ársskýrsla Sameykis er prentuð á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er ársskýrslan prentuð með umhverfisvænum, svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.



Félagsfólk grunnur að farsælu starfi

Í þessari ársskýrslu stjórnar Sameykis er farið yfir starfsárið í stórum dráttum. Tímabilið sem ársskýrslan fjallar um er janúar 2021 til mars 2022. Tölulegar upplýsingar miðast þó yfirleitt við almanaksárið 2021 eins og verið hefur. Öllum þeim fjölda félagsfólks sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélagið er þakkað gott og gefandi starf í þágu Sameykis sem er grunnurinn að farsælu starfi þess.

Líkt og áður hafði heimsfaraldurinn COVID-19 mikil áhrif starfið hjá Sameyki, eins og annars staðar í samfélaginu, en við fögnum því nú að geta komið saman eins og tíðkast í eðlilegu árferði. Þrátt fyrir heimsfaraldur hafa verkefnið verið ærin hjá félaginu og tekist hefur verið á um ýmis mál. Má þar helst nefna heimsfaraldur, styttingu vinnuvikunnar, jöfnun launa á milli markaða, launajafnrétti, félagsfundi um land allt o.s.frv.

Jöfnun launa á milli opinbera og almenna launamarkaðarins var undirritaður haustið 2016. Við vitum öll hvað í samkomulaginu fólst; breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem miðaði að því að samræma lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Samræma átti lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, aldurstenging réttinda átti að verða grundvallarregla kerfisins og lífeyristökualdur átti að hækka úr 65 í 67 ára til að stuðla að sjálfbærni. Það tókst. Um leið skuldbundu stjórnvöld sig til að jafna launakjör opinberra starfsmanna við almenna vinnumarkaðinn með markvissum aðgerðum á næstu 6-10 árum. Það hefur ekki tekist.

Nú í haust verða liðin 6 ár frá undirritun samkomulagsins og staðan er sú að enn ekki hafa komið neinar skilgreindar krónur í vasa opinberra starfsmanna vegna þessa. Það er dapurleg staðreynd að atvinnurekendur hafa markvissst tafið þennan hluta samningsins og reynt að bregða fæti fyrir verkefnið.

Stytting vinnuvikunnar er mikið framfaraskref og ætlað til að breyta því hvernig við hugsum um fólkið sem sinnir mikilvægum og krefjandi störfum hjá ríki og sveitarfélögum. Með styttingu vinnuvikunnar er fyrst og fremst hugað að velsæld launafólks og hvernig við getum sem best skapað betra samfélag í samstarfi við atvinnurekendur. Það er hlutverk Sameykis að skila því verkefni vel af hendi fyrir sitt félagsfólk sem starfar í vaktavinnu.

Sameyki kallaði eftir því á haustmánuðum 2021 að þegar í stað

yrði gripið til aðgerða til að leiðrétta laun kvennastétta sem vanmetin hafa verið um langt skeið. Sameyki kallaði eftir því að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að lögð yrði áhersla á að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld byggðu upp þá þekkingu sem þyrfti til að endurmeta og leiðrétta vanmat kvennastarfa með upplýstri samningaleið. Áfram verður haldið að knýja á stjórnvöld og atvinnurekendur að fylgja þessu þjóðþrifa-máli eftir og þau standi við gefin heit og landslög.

Val á Stofnun ársins og málþing Sameykis fór fram í fyrr í þessum mánuði og var ánægjulegt að hittast án andlitsgríma og njóta samverunnar á þessum degi. Það er mikilvægt að við eflum vitund alls félagsfólks og stjórnenda um mikilvægi mannauðs-stjórnunar og að gæta skuli að heilsu og andlegri liðan allra á viðkomandi vinnustöðum. Stofnunum hefur tekist það misvel og því enn verk að vinna. Það má með sanni segja að Stofnun ársins sé mikilvægur punktur í tilverunni sem spegill á árangur ríkisins og Reykjavíkurborgar og annarra viðsejenda í mannauðsmálum.

Almanaksárinu lauk með öflugri fundaherferð með félagsfólki um land allt. Þar kom fram sterkur vilji félagsfólks að styrkja skuli samtakamáttinn í komandi kjarasamningum og berjast yrði fyrir betra samfélagi með því að fara fram á við stjórnvöld að stytting vinnuvikunnar verði fest í lög á Alþingi.

Að lokum. Við Íslendingar erum hluti af stærri heild. Nú sækir myrkur að heimsálfa okkar og hætta er á að afleiðingar geti orðið geigvænlegri en við höfum séð um langa hríð. Líkur benda til að við stöndum nú sem samfélag frammi fyrir stærri áskorunum en nokkurt okkar hefur óráð fyrir. Á slíkum tímum getur reynt á mennsku okkar og samkennd. Við skulum vona að heimurinn fari sér ekki að meiri voða en orðið

er, en ef svo fer að heimska mannanna fær að bóligna út þá eigum við ekki mörg betri ráð en að reyna saman að leggja okkur fram dag hvern um að gera heiminn betri.




Pórarinn Eyfjörð
Formaður Sameykis

Sameyki í tölum

Sameyki er eitt af 19 stéttarfélögum innan vébanda BSRB og jafnframt það fjölmennasta með 11.612 virka félagsmenn í lok árs 2021 og með okkar reynslumikla fólki úr lífeyrisdeild teljumst við í heildina 13.699.



Félagsmenn koma úr mörgum starfsgreinum, eru með fjölbreytta menntun og ólíkan bakgrunn, starfa í þjónustu ríkisins, sveitarfélaga og stofnana sem starfa í almannabágu. Eins og áður er getið

Aldursskipting félagsmanna



töldust virkir félagsmenn 11.612 um síðustu áramót og eru hlutföllin milli kynja 37% karlar og 63% konur. Meðalaldurinn er 39,9 ár en karlar mælast örlítið yngri eða 38,9 ára á meðan konur mælast 40,5 ára. Fjölmennasti aldurshópurinn eru félagsmenn 29 ára og yngri, 4.033 talsins eða 34,7% af heildarfjölda og hópurinn 60 ára og eldri eru 15,1% af heildarfjölda eða 1.754.

Félagsmenn eru fjölbreyttur hópur sem kemur víða að, með mismunandi bakgrunn og eiga 7,3% félagsmanna erlenda uppruna. Hann má rekja til 76 þjóðlanda í sex heimsálfum og til að gefa dæmi um fjölbreytileikann má nefna Filippseyjar og Víetnam í Asíu, Bandaríkin í N-Ameríku, Venesúela og Brasilíu í S-Ameríku, Marokkó og Eþíópíu í Afríku, Ástralíu, og frá Evrópu Litáen og Pólland sem er jafnframt fjölmennasti hópurinn.




Búsetuskiptingin er samhljóma við fjölmennustu vinnustaðina eins og Reykjavíkurborg og Landspítala, en um helmingur félagsmanna starfar þar. Tæplega 87% hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi og lækkar búsetuhlutfallið eftir því sem fjær dregur suðvesturhorninu.


Reykjavíkurborg er stærsti launagreiðandi Sameykisfélaga en

40,5% félagsmanna starfa hjá þessu fjölmennasta sveitarfélagi landsins. Störfin er að finna í stjórnsýslunni, á öllum fagsviðum borgarinnar og eru vinnustaðir átta fagsviða fjölmargir. Má þar nefna leikskóla, grunnskóla, sundlaugar, söfn, þjónustumiðstöðvar og skrifstofur Ráðhússins svo fátt eitt sé nefnt.

Íslenska ríkið er næststærsti launagreiðandinn en þar starfa 35,7% félagsmanna. Stærsti einstaki vinnustaðurinn er Landspítali-háskólasjúkrahús með 26,3% ríkisstarfsmanna. Aðrir vinnustaðir eru til dæmis ÁTVR, Fangelsismálastofnun og skólar á framhalds- og háskólastigi.



Þvert yfir eru stærfin fjölbreytt og krefjast ólíkrar menntunar og hæfni en þar má finna sérfræðistörf, umönnunarstörf, innkaupastörf, störf bókara og bókbindara svo dæmi séu tekin. Undir flokkinn Aðrir falla sjálfseignarstofnanir, félagasamtök, byggðasamlög (bs.), einkahlutafélag o.þ.h. rekstrarform og starfa þar 18,2% félagsmanna. Alls eru það 216 samtök og stofnanir og eru fjölmennust fyrirtæki sem annast almenningssamgöngur eins og Strætó bs. og þjónustustarfsemi tengda flutningum með flugi, Isavia ohf. Auk þess falla hér undir dvalarheimili aldraðra eins og Hrafnistuheimilin og Klettabær, sérhæfð þjónusta fyrir börn og ungmenni.



Hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg starfa 2,7% okkar félagsmanna viðs vegar um landið. Störfin sem þeir sinna eru mörg og margvísleg en þar má nefna verkefnastjórn, stjórnunarstörf, störf við umönnun fatlaðra og aldraðra, ræstingar, skólalíðveislu og matráð. Áhugavert er að sjá að um 14% fleiri félagsmenn voru í fæðingarorlofi nú um áramót en fyrir ári síðan eða um 1,6% á móti 1,4% í fyrra. Hvort fjölgunina megi þakka styttri vinnuviku skal ósagt látið en gleðileg er hún. Þá er einnig ánægjulegt að sjá að atvinnulausum fækkar á milli ára, voru 3,2% félagsmanna fyrir ári, mældist nú 1,2% og er sú lækkan í takt við mælingar Hagstofunnar um fækkun atvinnulausra.

Af þessari upptalningu er ljóst að Sameykisfólk er á öllum aldri, kemur úr mörgum starfsgreinum, er með fjölbreytta menntun, ólíka þekkingu, mismunandi bakgrunn, hæfni og reynslu en einmitt í fjölbreytileikanum felast mestu verðmætin – mannauðurinn. ■



Trúnaðarmannaráð

Samkvæmt lögum Sameykis mynda trúnaðarmenn á vinnustöðum og stjórn Sameykis trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Nýtt trúnaðarmannaráð var kosið 31. maí fyrir kjörtímabilið 31. maí 2021 – 31. maí 2023. Kosningin gekk vel fyrir sig og eru trúnaðarmenn núna um 315 talsins í stofnunum um allt land. Trúnaðarmenn eru helsta tenging stéttarfélagsins við vinnustaðina og starf þeirra því afar mikilvægt.

Allir félagsmenn geta boðið sig fram sem trúnaðarmenn. Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsmanna Sameykis á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsmanna og Sameykis og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, jafnt á persónulegum grunni sem og starfslega.

Hlutverk ráðsins er einnig að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál

sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk trúnaðarmanns að fjalla um kjara- og réttindamál starfsmanna, sérstaklega þegar gera á almenna kjarasamninga.

Árið 2021 einkenndist mikið af baráttunni við covid um leið og stytting vinnuvikunnar var í innleiðingu. Það má segja að langþráðum áfanga hafi verið náð þó enn sé verið að aðlaga styttinguna á einhverjum vinnustöðum. Í allri þeirri vinnu hefur mannauður trúnaðarmanna Sameykis komið glögggt í ljós.

Fundir trúnaðarmannaráðs

Samkvæmt lögum Sameykis skulu að lágmarki vera tveir trúnaðarmannaráðsfundir á ári. Á síðasta ári voru haldnir 6 trúnaðarmannaráðsfundir. Allir fundirnir nema einn voru fjarfundir. Eini fundurinn sem haldinn var í raunheimum var fyrsti fundur haustsins, haldinn 9. september í Gullhömrum.

Sameyki hefur haft það að markmiði að halda fjölbreytta trúnaðarmannaráðsfundi þar sem reynt er að hafa puttann



á púlsinum, fjalla um þjóðfélagsmál og málefni félagsins fyrir utan kjara- og réttindamál hins vinnandi manns.

Margir góðir gestir fluttu erindi á fundunum og má þar nefna: Gylfi Magnússon hagfræðiprófessor fjallaði um efnahagslífið í faraldri og eftir faraldur. Dóra Jóhannsdóttir flutti erindið Lífið er spuni – það er ekkert handrit. Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins kynnti niðurstöður úr könnun um stöðu launafólks á tímum kórónuveirunnar. Árni Múli Jónasson framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency international flutti erindi um spillingu – ógn við réttindi, lífsgör og lýðræði. Sigríður Hulda Jónsdóttir flutti erindið Lífsgæði í leik og starfi. Þórður Snær Júlíusson ritstjóri Kjarnans ræddi um stöðu efnahagsmála og framtíðarhorfur.

Um 50% trúnaðarmanna sækja að jafnaði trúnaðarmannaráðsfundina, en eftir að fundirnir færðust yfir í netheima hafa fleiri haft tækifæri til að sækja fundi og trúnaðarmenn okkar á landsbyggðinni hafa hvatt til að áfram verði streymt af fundunum þegar samkomubanni verður aflétt. Það er nokkuð ljóst að blandað fundaform raun- og netheima er komið til að vera.

Til stóð að halda röð félagsfunda á landsbyggðinni í upphafi árs í samvinnu við trúnaðarmenn á stöðunum, en ekkert varð af því vegna Covid-19. Í stað þess voru félagsfundir haldnir á

netinu í hverjum landshluta fyrir sig. Fundirnir voru sjö talsins og þátttaka mjög góð. Ekki gafst færi á árinu til að fara í heimsóknir á landsbyggðina en það verður gert um leið og aðstæður leyfa.

Fræðsla trúnaðarmanna

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn er í formi námskeiða og fræðslumorgna sem reynt er að halda fyrir hádegi sama dag og trúnaðarmannaráðsfundina. Árið 2021 bauð ekki upp á það fyrirkomulag en fræðslan var flutt í netheima eins og hægt var. Sameyki býður upp á þriggja daga grunnnámskeið í samvinnu við BSRB en auk þess hafa trúnaðarmenn aðgang að 6 þrepa námskeiðum sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu. Umsjón með fræðslu fyrir trúnaðarmenn hefur Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri.

Markmið og stefna

Markmið Sameyis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs enda eru trúnaðarmenn fulltrúar félagsmanna á vinnustöðum. Stefnan er að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi Sameyis og vinna að hagsmunum félagsmanna verði ávallt til fyrirmyndar.

Umsjón með trúnaðarmannakerfinu og tengiliður Sameyis við trúnaðarmenn er Kristín Erna Arnardóttir, verkefnastjóri á félagssviði. ■



Pórarinn Eyfjörð á fundi Fulltrúaráðs Sameykis.

Fulltrúaráð

Samkvæmt lögum Sameykis er fulltrúaráðið skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Formaður félagsins Pórarinn Eyfjörð er jafnframt formaður fulltrúaráðs.

Hlutverk fulltrúaráðs Sameykis er að vinna að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn. Fulltrúaráðið annast einnig undirbúning fyrir aðalfund félagsins, þar á meðal að kjósa uppstillingarnefnd og laganevnd þegar það á við. Á fundum fulltrúaráðs skal m.a. gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð fram skýrsla yfir starfsemina einu sinni á ári.

Fulltrúaráðið ákveður hvaða fastanefndir skulu starfa, setur þeim reglur og kýs í þær. Fulltrúaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni. Fulltrúaráðið fjallar eins og trúnaðarmannaráðið um kjara- og réttindamál og annast undirbúning kjarasamninga.

Fulltrúaráðsfundir ársins voru fjórir talsins, þar af tveir um haustið með nýkjörnu fulltrúaráði en á fundi trúnaðarmannaráðs Sameykis þann 9. september var kosið í fulltrúaráðið. Fyrsti fundur fulltrúaráðsins var haldinn fimmtudaginn 14. október og þá var tekin ákvörðun um fastanefndir Sameykis og kosið í þær. Fulltrúaráðið lagði til

þrjár nýjar nefndir og stjórn Sameykis óskaði eftir að þrjár í viðbót héldu áfram störfum. Nefndirnar er því sex talsins. ■

Heilbrigðis- og velferðarnefnd

Ólafía L. Sævarsdóttir er fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar.

Framtíðarvinnumarkaðsnefnd

Svanhildur Steinarsdóttir er fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar.

Kjara- og starfsumhverfisnefnd

Herdís Jóhannsdóttir er fulltrúi stjórnar og Guðmundur Freyr Sveinsson starfsmaður Sameykis er formaður nefndarinnar.

Umhverfis- og loftslagsnefnd

Bryngeir Arnar Bryngeirsson er fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd

Kári Sigurðsson er fulltrúi stjórnar í nefndinni.

Nefnd um félagsleg málefni

Rut Ragnarsdóttir er fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar.

Fulltrúaráð skipa

Aðalheiður Sigríður Jörgensen	Sjúkratryggingar Íslands	Ingibjörg Óskarsdóttir	Lífeyrisdeild Sameykis
Andrés Freyr Gíslason	Félagsbústaðir	Ingibjörg Sif Fjeldsted	Orkuveita Reykjavíkur
Anna Friðriksdóttir	Tannlæknadeild HÍ	Ingólfur Klausen	Seltjarnarnesbær
Anna Pálína Jónsdóttir	Skógræktin	Ingunn Gunnarsdóttir	Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Arndís Baldursdóttir	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	Ingunn Hafðís Þorlákssdóttir	Seltjarnarnesbær
Astrid Sörensen	Reykjalundur	Ingvar Kristinn Hreinsson	Ríkisskattstjóri
Ágústa Sigurðardóttir	Strætó	Ingvaldur Jónsdóttir	Akraneskaupstaður
Ásgerður Þóra Bergset Ásgeirsd.	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	Jóhanna Lára Óttarsdóttir	Sýslum. á höfuðborgarsvæðinu
Áslaug Finnsdóttir	Reykjavíkurborg	Jón Brynjarsson	Landspítali háskólasjúkrahús
Baldur Vignir Karlsson	Landspítali háskólasjúkrahús	Jóna Matthíasdóttir	Sýslumaðurinn á Norðurl.eystra
Berglind Margrét Njálssdóttir	Ríkisskattstjóri	Jónína Sigríður Magnúsdóttir	Reykjavíkurborg
Bergþóra Skarphéðinsdóttir	Reykjavíkurborg	Judit Varga	Strætó
Birgir Sigurðsson	Ríkislögreglustjóri	Katrín Einarsdóttir	Reykjavíkurborg
Birna Björnsdóttir	Reykjavíkurborg	Katrín Kristín Hallgrímsdóttir	Reykjavíkurborg
Birna Daðadóttir Birnir	Ársel	Kári Sigurðsson	Reykjavíkurborg
Birna María Ásgeirsdóttir	Reykjavíkurborg	Kristinn Jónsson	Embætti landlæknis
Birna Metúsalemsdóttir	Reykjavíkurborg	Kristín Guðjónsdóttir	Ríkisskattstjóri
Bjarni Benedikt Bjarnason	Reykjavíkurborg	Kristín Hauksdóttir	Borgarsögusafn
Bryngeir Arnar Bryngeirsson	Reykjavíkurborg ÍTR	Kristín Másdóttir	Flensborgarskólinn
Daði Arnar H. Sigmarsson	Vinakot	Kristján Þór Karlsson	Isavia
Ebba Unnsteinsdóttir	Sýslumaðurinn á Norðurl. vestra	Kristný Lóa Traustadóttir	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Egill Kristján Björnsson	Fangelsismálastofnun	Lilja Elsa Sörladóttir	Lífeyrisdeild Sameykis
Elín Helga Jóhannesdóttir Sank	Landspítali háskólasjúkrahús	Magnea Bjarnadóttir	Ríkisskattstjóri
Elín Þóra Eiríksdóttir	Húsnæðis - og mannvirkjastofnun	Margrét Högnadóttir	Ríkisskattstjóri
Elísabet M. Nickel Stefánsdóttir	Rarik ohf.	Margrét T. Friðriksdóttir	Klettaskóli
Elva Björk Jónmundsdóttir	Frjótæknafélag Íslands	Oddur Rósant Ólafsson	Vinnueftirlitið
Elva Dröfn Sveinsdóttir	Sýslumaðurinn á Austurlandi	Ottó Hörður Guðmundsson	Reykjavíkurborg
Elva Hrunn Þórisdóttir	Reykjavíkurborg	Ólafía Lilja Sævarsdóttir	Tryggingastofnun ríkisins
Erla Ósk Hermannsdóttir	Háskóli Íslands	Pétur Ásbjörnsson	Landspítali Háskólasjúkrahús
Erlingur Arthursson	Heilsustofnun NLFÍ	Pétur Karlsson	Strætó
Garðar Svansson	Fangelsismálastofnun	Pétur Valdimarsson	Selásskóli
Gerður Magnúsdóttir	Vesturgarður	Rafn Sigurgeir Sigurðsson	Landhelgisgæslan
Guðbjörg Björnsdóttir	Búsetukjarni Bríetartún 26 og 30	Rut Ragnarsdóttir	Borgarbókasafn
Guðbjörg Erna Erlingsdóttir	Faxaflóahafnir	Sigríður Elka Sigurðardóttir	Tryggingastofnun Ríkisins
Guðjón Bjarki Sverrisson	Hafnarfjarðarbær	Sigríður Poulsen	Háskóli Íslands
Guðríður Sigurbjörnsdóttir	Borgarbókasafn	Sigrún Helga Jónsdóttir	Reykjavíkurborg
Guðrún Árnadóttir	L-SAM	Sigrún Kristjánsdóttir	ÁTVR
Guðrún Emílija Höskuldsdóttir	Vegagerðin	Sigurður H. Helgason	Lífeyrisdeild Sameykis
Guðrún Pálsdóttir	Reykjavíkurborg	Sigurður Halldór Bjarnason	Menntamálastofnun
Gunnar Garðarsson	Vegagerðin Suðurlandi	Sigurjón Gunnarsson	Lífeyrisdeild Sameykis
Gunnar Rúnar Matthíasson	Landspítali háskólasjúkrahús	Sólveig Guðmundsdóttir	Reykjavíkurborg
Gylfi Már Sigurðsson	Reykjavíkurborg	Stefán Gíslason	Reykjavíkurborg
Heimir Sigurður Karlsson	Fiskistofa	Styrmir Þór Davíðsson	Þjóðminjasafnið
Helena Sigurbergsdóttir	Isavia	Svanhildur Steinarsdóttir	Menntamálastofnun
Helga Aðalbjörg Þórðardóttir	Sýslumaðurinn á h.borgarsvæðinu	Sveinfríður Högnadóttir	Vegagerðin
Helga Bryndís Kristjánsdóttir	Gufunesbær	Sveinn Pálsson	Landspítali háskólasjúkrahús
Helga G. Hjörleifsdóttir	Ás styrktarfélag	Trausti Jónsson	Þjónustum.Árbæjar og Grafarholts
Hendricus E. Bjarnason	Ríkisskattstjóri	Þorgeir Steingrímsson	SÁÁ
Herdís Jóhannsdóttir	Fjármálaskrifstofa Reykjav.borgar	Þorsteinn Jónsson	Háskóli Íslands
Hildur Þorvaldsdóttir	Reykjavíkurborg	Þórarinn Eyfjörð Eiríksson	Sameyki
Hrafnhildur S. Sigurðardóttir	Sóleyjargata 39	Þórarinn Hjartarson	Barðastaðir 35
Höskuldur Einarsson	Vinnumálastofnun	Þórunn Margrét Jónasdóttir	Fiskistofa
Inga Lára Pétursdóttir	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Ægir Hugason	Reykjavíkurborg
Inga Lóa Steinarsdóttir	Sýslumaðurinn á Suðurnesjum		
Inger Schiöth	Matvælastofnun		
Ingibjörg Áskelsdóttir	Reykjavíkurborg		



Kjaramál

Í kjaramálum Sameykis ríkir aldrei lognmolla, hvort sem horft er til samskipta við fulltrúa vinnuveitenda eða þjónustu við alla þá 12.000 félagsmenn sem eru að störfum á fjölda vinnustaða um allt land. Félagið gerir 21 kjarasamning við marga mismunandi aðila, s.s. ríkið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og opinber hlutafélög innan SA. Einnig gerir félagið sérstaka samninga við Strætó, Faxaflóahafnir, Isavia, Fríhöfnina, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Ás styrktarfélag og ýmsar sjálfseignarstofnanir. Auk þessa gerir Sameyki stofnanasamninga við allar stofnanir ríkisins sem eru rúmlega 160 og kemur að starfsmati starfsmanna hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stofnanasamningar eru hluti af kjarasamningum við ríkið og eru þeir í stöðugri þróun og endurskoðun en í 11. kafla í kjarasamningi Sameykis við ríkið segir m.a. „Í stofnanasamningi skal semja um grunnröðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta

innt starfið af hendi.“ Þar sem stofnanasamningar fylgja ekki kjarasamningsgerð er félagið stöðugt tilbúið í vinnu við endurskoðun þeirra þegar viðeigandi aðstæður krefjast hjá tilteknum stofnum.

Söguleg tímamót

Það sem hins vegar markaði árið 2021 í sögulegu ljósi út frá kjarasamningum var formleg innleiðing styttingar vinnuvikunnar úr 40 stundum í 36 stundir. Þessi sögulegu tímamót urðu strax á fyrsta degi ársins eða 1. janúar 2021 þegar langflestir félagsmenn Sameykis í dagvinnu fóru að mæta að meðaltali í 7,2 klst. á dag í stað 8 klst. áður, samkvæmt vinnustaðasamkomulagi á hverjum vinnustað fyrir sig.

Það var svo 1. maí 2021 sem umfangsmikil kerfisbreyting var innleidd í vaktavinnu þar sem vinnuvikan fór úr 40 stundum á viku niður í á bilinu 32-36 stundir, mismunandi eftir fjölda vinnustunda utan dagvinnutímabils. Verkefnið og ferlið var stórt og tók langan tíma en því miður hafa erfiðleikar fylgt í kjölfarið sem krefjast úrlausnar sem tekist er á við. Í dagvinnunni var t.a.m. aukin áskorun að stytta vinnuvikuna



þar sem nemendur voru þjónustupegar, þ.e.a.s. í leik- og grunnskólum. Í vaktavinnu reyndist einnig aukin áskorun að breyta 12 tíma kerfum í 8 tíma kerfi þar sem starfsfólk þurfti að auka mætingartíðni sína þrátt fyrir styttingu vinnuvikunnar. Sömuleiðis hefur verið talað um að vaktahvati sem umbun í launum fyrir fjölbreytileika vakta sé of næmur fyrir leyfum og öðrum tilfærslum í vaktakerfum. Heilt yfir hefur styttingin skilað markmiðum sínum og félagsmenn hafa haft á orði að um mikla kjarabót hafi verið að ræða í formi aukins tíma fyrir sig og fjölskyldur sínar.

Viðverustefna

Eitt af því sem tekist var á um í kjölfar innleiðingar á styttingu vinnuvikunnar voru óskrifaðar reglur sem varða svokölluð „skrepp“. Meðan vinnuvikan var 40 stundir gat starfsfólk oftast en ekki fengið að sinna persónulegum erindum á vinnutíma en við styttinguna vildu margir vinnuveitendur þrengja þann möguleika og setja skýrari reglur um slík erindi. Í kjölfarið skapaðist mikil umræða og stundum átök um hvað kunni að teljast eðlilegt eða sanngjarnt í slíkum efnum. Ýmsir vinnuveitendur hafa gefið út sín eigin viðmið um skrepp þar sem kemur fram að starfsfólk geti sinnt t.d. læknisheimsóknum, mæðraskoðun og farið í jarðarför á vinnutíma án þess að það hafi áhrif á vinnuskil. Það sem stéttarfélagin hafa hins vegar þurft að berjast meira fyrir er að fá vinnuveitendur til að samþykkja sjálfsögð réttindi eins og að sinna foreldraviðtölum og öðrum skólaheimsóknum vegna barna sinna sem og sjúkráþjálfun sem starfsmenn þurfa að

sinna að læknisráði á vinnutíma. Sem betur fer hafa flestir yfirmenn séð að sér þegar á reynir í slíkum málum. Margir stærri vinnuveitendur hafa svo sett þessar línur skýrar niðir í svokallaðri viðverustefnu en e.t.v. er það verkefni sem þarf að taka inn í næstu kjarasamninga til að fá heildarsamræmi og tryggja réttindi starfsmanna á þessu sviði.

Veiran skæða

Covid-veiran setti áberandi svip á starfsumhverfi félagsmanna Sameykis á árinu 2021. Árið áður höfðu aðilar vinnumarkaðarins komið sér saman um ýmis álitamál, t.d. launagreiðslur í sóttkví en lengi geta ágreiningsmálin komið upp og sumarið 2021 var deilt um stöðu starfsfólks sem lenti í sóttkví í orlofi. Bæði ríkið og sveitarfélögin telja að starfsfólk sem er í orlofi, en þarf að fara í sóttkví, eigi að ganga á orlofsdaga sína. BSRB og önnur samtök launafólks telja hins vegar að starfsfólk eigi rétt á að fresta orlofstöku sé því gert að sæta sóttkví. Þar sem ekki hefur tekist að ná sátt um túlkun á lögum í þessu máli munu heildarsamtök launafólks höfða mál til að fá úr því skorið hvor aðilinn hafi rétt fyrir sér miðað við gildandi lög.

Heimavinna

Afleiðingar af covid-veirunni eru ýmsar en hugtakið „heimavinna“ hefur fest sig í sessi í íslenskri tungu og fengið áþreifanlega merkingu á tímabilinu. Sameyki gerði könnun á meðal félagsmanna sinna á árinu 2021 sem sýndi að 40% höfðu með mismiklum hætti tekið upp

heimavinnu. 60% af þeim töldu jákvætt að hafa verið í heimavinnu, 25% voru hlutlausir og 15% fannst það neikvætt. Það sem félagsmönnum fannst fyrst og fremst neikvætt við heimavinnuna voru félagslegu tengslin, þ.e. einmanaleiki og vöntun á félagsskap. Einnig nefndi fólk að það vantaði hreyfingu auk þess sem það saknaði þess að hafa aðgang að mötuneyti. Á heildina lítið má þó segja að flestum finnst gott að eiga kost á að vinna að einhverju leyti í heimavinnu en um leið þarf að gera kröfu um að vinnuveitendur tryggji þær bjargar sem til þarf, s.s. tölvu- og skrifstofubúnað. Sá þáttur gæti því vel komið til álita í næstu kjarasamningaviðræðum.

Jöfnun launa

Mikil orka og langur tími hefur farið í að sækja ábyrgð hins opinbera í kjölfar samkomulags sem gert var haustið 2016 milli stjórnvalda og heildarsamtaka launafólks um breytingar á skipan lífeyrismála sem miðaði að því að samræma lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Samræma átti lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, aldurstenging réttinda átti að verða grundvallarregla kerfisins og lífeyristökualdur átti að hækka (úr 65 í 67 ára) til að stuðla að sjálfbærni. Um leið skuldbundu stjórnvöld sig til að jafna launakjör opinberra starfsmanna við almenna vinnumarkaðinn með markvissum aðgerðum á næstu 6–10 árum.

Nú verða brátt liðin 6 ár frá samkomulaginu og það er skemmst frá því að segja að fram að þessu hafa ekki hafa komið neinar skilgreindar krónur í vasa opinberra starfsmanna vegna þessa.

Engu að síður hefur mikil greiningarvinna farið fram á vegum starfshóps um verkefnið þar sem fulltrúar allra samningsaðila eiga sæti. Þar hefur meðal annars komið fram að launamunur á milli markaða er að meðaltali um 17% en þó mjög mismunandi eftir störfum og starfshópum, þ.e. allt frá því að vera ekki til staðar upp í um 30%. Úrlausnin felur því í sér ákveðna áskorun um útfærslu þegar til kastanna kemur en það sem erfiðast hefur reynst er ágreiningur sem hið opinbera hefur reist og byggir á kröfu um að taka inn í myndina útreikninga á ýmsum réttindum sem geta verið mismunandi eftir mörkuðum.

Þetta útspill fulltrúa hins opinbera hefur komið heildarsamtökum launafólks algjörlega á óvart enda ljóst frá upphafi að aðeins ætti að horfa til launamunar milli markaða samkvæmt samkomulaginu. Ríkissáttasemjari hefur nú verið kallaður að borðinu og þar sem nú fer að stytast í þeim tíma sem gefinn var er ljóst að aukinn þungi og þrýstingur fer að færast í ferlið þar sem fulltrúar launafólks munu ekkert gefa eftir til að sækja það sem lofað hefur verið.

Áróður gegn opinberum störfum

Haustið 2021 einkenndist af ótrúlegum og ósanngjörnum áróðri sem birtist í ýmsum fjölmiðlum gegn opinberum stéttum. Þá fóru ýmsir fulltrúar vinnuveitenda á almenna vinnumarkaðnum að fjölýrða um að opinberir starfsmenn væru að stinga af í launaþróun og vöxtur í fjölda opinberra starfa væri búinn að ná nýjum hæðum sem yrði að stöðva.

Öll slík umfjöllun er sett fram til að kasta rýrð á kjarabaráttu opinberra starfsmanna og gera lítið úr mikilvægi opinberrar þjónustu. Hið rétta er að árlegar krónutöluhækkningar kjarasamninga, sem viðkomandi aðilar sömdu fyrstir um í lok árs 2019, reiknast að sjálfsögðu sem hærri prósentur á lægstu launin en þau hæstu. Það eru því einungis blekkingarleikur með prósentur þegar því er haldið fram að opinberir starfsmenn hafi hækkað meira í launum samanber umfjöllun um jöfnun milli markaða hér að framan. Í samanburði ráðstöfunartekna eru starfsmenn sveitarfélaga enn sem áður með lægstu launin og starfsmenn almenna markaðarins með hæstu launin. Í þessu samhengi hefur oft verið bent á að engum hefur tekist að greiða fyrir matinn út í búð með prósentum.

Í ofanálag hefur fylgt umræðunni að starfsmönnum hjá hinu opinbera hafi fjölgað svo mjög að ekki verði við unað og að viðkomandi aðilar geti ekki staðið undir slíkum vexti. Umræðan er þannig ekki sett í neitt samhengi t.d. við það að íbúum landsins fjölgar stöðugt og flestir mælikvarðar samfélagsins vaxa með samsvarandi hætti. Þegar hins vegar tölurnar eru settar í rétt samhengi kemur hið sanna fram, t.d. þegar ársverk ríkisins eru mæld miðað við 1000 íbúa en þá sést að þeim hefur fækkað úr 52,8 árið 2011 í 50,3 árið 2021. Það er því mikilsvert að svara slíkri umfjöllun málefnalega um leið og þörf krefur.

Hlutverk trúnaðarmanna í kjaramálum

Trúnaðarmannaráð Sameykis hefur það hlutverk m.a. að fjalla um kjara- og réttindamál, ekki síst þegar kemur að kjarasamningagerð. Fulltrúaráð Sameykis er kosið af trúnaðarmannaráði og fjallar ráðið einnig um kjara- og réttindamál en annast einnig undirbúning kjarasamninga. Því eru reglulegir fundir í trúnaðarmannaráði og fulltrúaráði afar mikilvægt innlegg í kjarasamningagerð og við þróun stofnanasamninga ríkisstofnana og starfsmat sveitarfélaga. Sú nýbreytni var tekin upp haustið 2021 að fulltrúaráð skipaði í fyrsta skiptið sérstaka kjara- og starfsumhverfisnefnd sem í sitja 14 fulltrúar úr trúnaðarmannahópnum. Nefndinni er ætlað að rýna enn nánar en áður stöðu kjaramála hverju sinni og leggja fram drög að kröfugerðum fyrir félagið. Í nefndinni sitja aðilar sem koma víða að, frá fjölbreyttum vinnustöðum og tiltölulega jafnt úr dagvinnu- og vaktavinnuumhverfi. Nefndin náði að funda þrisvar sinnum á árinu og er mikill hugur í nefndarfulltrúum að halda uppi öflugum nefndarstarfi á nýju ári.

Að lokum

Varðandi framhaldið þá er ljóst að það er og verður í mörg horn að líta í kjaramálum hjá Sameyki á næstu misserum. Á árinu 2022 mun félagið skipa næstu samninganefndir og vinna kröfugerðir fyrir komandi samningalotu en markmiðið er alltaf að geta náð samkomulagi áður en kjarasamningar renna út. Takist það ekki verða allir að vera tilbúnir til að sýna samstöðu og gera það sem þarf til að tryggja réttlát kjör og réttindi á vinnumarkaðnum. ■



Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins var að þessu sinni framkvæmd í nóvember og desember 2021. Það er í fyrsta skipti sem Stofnun ársins er framkvæmd á þessum tíma. Fyrri ár hefur framkvæmd könnunarinnar farið fram í febrúar og mars. Með þessu nýja fyrirkomulagi eru hátíðin og viðurkenningar fyrir árið 2021 veittar árið 2022. Til stóð að hafa hátíðina í febrúar, en vegna fjölgunar kórónuveirusmita og hertra fjöldatakmarkana var ákveðið að færa hátíðina til 16. mars og freista þess að halda hana með gestum á staðnum. Vonum við að það gangi eftir þegar þetta er skrifað.

Að þessu sinni var ekki gerð launakönnun en ákveðið var að þar sem gögn eru orðin aðgengilegri þurfi ekki að gera launakönnun á hverju ári. Með þessu móti ætti könnunin að vera styttri og aðgengilegri fyrir félagsfólk.

Tilgangur könnunarinnar er í fyrsta lagi að velja Stofnun ársins og gefa þannig þeim stofnunum viðurkenningu sem skara fram úr í mannauðsmálum. Í öðru lagi að veita stjórnendum upplýsingar um hvað er vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhóli starfsfólksins og þannig gera stjórnendum kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi vinnustaðarins.

Aðrar breytingar við framkvæmd voru breyttir stærðar-flokkar stofnana hjá ríki og tengdum aðilum, en með



stækkun og sameiningu stofnana hafa æ færri stofnanir verið í minnsta stærðarflokknum og því nauðsynlegt að breyta þeim. Með þessum hætti er fjöldi stofnana í hverjum stærðarflokki mun jafnari. Því miður náðist ekki nægjanlega góð þátttaka hjá stofnunum og fyrirtækjum hjá borg og bæ, en aðeins 14 stofnanir og fyrirtæki náðu nægri þátttöku til þess að komast inn á lista. Því var ákveðið að veita verðlaun í einum flokki en höfðu áður verið veitt í tveimur flokkum. ■



Fræðslusjóðir Sameykis

Sameiginlegar úthlutunarreglur fyrir alla félagsmenn vegna starfsmenntunarstyrkja og starfsþróunarstyrkja tóku gildi 1. janúar 2021. Einnig tóku nýjar úthlutunarreglur vegna vísindaverkefna gildi 1. janúar 2021. Í töflunum sem fylgja hér með er yfirlit yfir styrki til einstaklinga.

Á árinu 2021 voru afgreiddir 2.860 starfsmenntunarstyrkir til félagsmanna, en þeir voru 2.379 árið 2020. Styrkafgreiðslum fjölga því um 481 og útgjöldin aukast um tæp 21%. Fjölgunin er mest í styrkjum vegna háskólanáms eða útgjaldaaukning um 26%. Einnig er mikil aukning í styrkjum vegna framhaldsskólanáms, tæp 29% hærri útgjöld, og lífsleikni þar sem útgjöld aukast um rúm 57%. Styrkir vegna náms- og kynnisferða hafa nánast þurrkast út á árinu 2021 vegna COVID-19 eins og þeir gerðu árið 2019, en þeir fóru aðeins í gang árið 2020. Þetta er fyrsta árið sem allir félagsmenn geta sótt um starfsþróunarstyrk sem skýrir tæpa 68% aukningu í útgjöldum starfsþróunarstyrkja. Á árinu 2021 voru afgreiddir 800 starfsþróunarstyrkir til félagsmanna, en þeir voru 293 árið 2020. Styrkafgreiðslum fjölga því um 507 og útgjöldin aukast um 68%. Fjölgunin er mest í styrkjum vegna háskólanáms en þar

er aukning í útgjöldum upp á rúm 71%. Styrkir vegna ráðstefna sem oftast eru erlendis eru enn í lægð vegna COVID-19. Félagsmenn sem eru í starfi sem krefst háskólamenntunar og starfa hjá Ás, Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Skálatúni, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Strætó og sveitarfélögum geta sótt um styrki vegna vísindaverkefna-starfsþróunar. Afgreiddir voru 174 styrkir á árinu, voru 416 árið 2020 og 626 talsins á árinu 2019. Fækkunina má væntanlega rekja til þess að félagsmenn hjá ofangreindum vinnustöðum fengu aðgang að starfsþróunarstyrkjum á árinu 2021 sem þeir höfðu ekki áður haft, sem á sama tíma útskýrir þessa miklu fjölgun í styrkafgreiðslum sem kemur fram hér að neðan.

Þá má geta þess að Sameyki er með þjónustusamning við Félag starfsmanna stjórnarráðsins (FSS) og sér um afgreiðslu fræðslustyrkja til félagsmanna FSS sem eru 306 talsins. Á árinu 2021 voru afgreiddir 18 styrkir samtals að upphæð 1.429.910 kr. (voru 19 árið 2020 samtals að upphæð 1.848.040 kr.) og þar af fóru rúmlega 65% í háskólanám.

Einstaklingsstyrkir til félagsmanna - Starfsmenntunarstyrkir

Heiti styrks	Greidd upphæð 2021	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Hækkun/lækkun í kr. 2021/2020	Hækkun/lækkun í % 2021/2020	Fjöl./fækkun styrkja 2021/2020
Framhaldsskólanám	17.926.102	10,2%	251	12,3%	124	15,2%	5.120.477	28,6%	95
Háskólanám	118.074.703	67,4%	1039	50,8%	475	58,3%	30.655.561	26,0%	237
Lífsleikni / sjálfsstyrking	10.588.566	6,0%	313	15,3%	80	9,8%	6.066.429	57,3%	178
Náms- og kynnisferðir erlendis	595.222	0,3%	7	0,3%	2	0,2%	-10.426.803	-1751,8%	-160
Náms- og kynnisferðir innanlan	687.300	0,4%	26	1,3%	2	0,2%	687.300	100,0%	28
Námskeið	18.299.459	10,4%	320	15,6%	87	10,7%	3.416.672	18,7%	90
Námstengdur ferðastyrkur innanl.	588.565	0,3%	16	0,8%	5	0,6%	442.261	75,1%	15
Raunfærnimat/staðfesting á færni	3.500	0,0%	1	0,0%	0	0,0%	3.500	100,0%	1
Ráðstefnur	482.506	0,3%	18	0,9%	1	0,1%	-290.795	-60,3%	-12
Starfsréttindanámskeið	7.921.563	4,5%	54	2,6%	39	4,8%	511.774	6,5%	9
	175.167.486	100%	2045	100%	815	100%	36.186.376	20,7%	481

- Stjórn Starfsmenntunarsjóðs Sameykis hélt tíu fundi á árinu. Núna eiga sæti í stjórninni Bjarni Bjarnason, Jóhanna Rúnarsdóttir, Ólöf Rún Steinarsdóttir, Svanhildur Steinarsdóttir, Trausti Jónsson og Þórdís Viborg. Ólafur Andri Þórarinnsson og Þórey Einarsson voru kosin í stjórn á aðalfundi en þurftu frá að hverfa á árinu og þau sem fóru úr stjórn á aðalfundi voru Arnþjórg Gunnlaugsdóttir, Ólafía Lilja Sævarsdóttir og Páll Svavarsson. Færum við þeim þakkið fyrir starf þeirra á liðnum árum.
- Stjórn Fræðslusjóðs fundaði tíu sinnum á árinu 2021. Í stjórninni sitja nú fyrir hönd Sameykis þau Helga Bryndís Kristjánsdóttir (kom inn í nóvember), Kári Sigurðsson, Þórarinn Eyfjörð (kom inn í maí) og Þórdís Sigurgeirsdóttir. Fyrir hönd Reykjavíkurborgar sitja í stjórninni Ásta Bjarnadóttir og Íris Jóhannsdóttir. Einnig áttu sæti í stjórninni Guðríður Sigurbjörnsdóttir (hætti í október) og Árni Stefán Jónsson og Garðar Hilmarsson sátu í stjórninni fram í mars þegar sú breyting varð á að fulltrúar Reykjavíkurborgar tóku sæti í stjórninni. Guðriði, Árna Stefáni og Garðari færum við þakkið fyrir starfið á liðnum árum.

- Stjórn Próunar- og símenntunarsjóðs Sameykis hélt fimm fundi á árinu 2021. Í stjórn sitja fyrir hönd Sameykis þau Berglind Margrét Njálsson og Þórarinn Eyfjörð. Fyrir hönd fjármálaráðherra sitja í stjórn þau Sara Lind Guðbergssdóttir og Einar Mar Þórðarson. Þau Árni Stefán Jónsson og Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir hættu í stjórninni á árinu og eru þeim færðar þakkið fyrir starf þeirra á liðnum árum.

Starfspróunarstyrkir

Heiti styrks	Greidd upphæð 2021	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Fjöldi styrkja 2021
Háskólanám ótengt starfi	30.671.140	31,0%	182	32,4%	99	41,4%	281
Háskólanám tengt starfi	41.436.347	41,8%	202	36,0%	62	25,9%	264
Námskeiðsgjald	17.484.838	17,7%	118	21,0%	51	21,3%	169
Ráðstefnugjald	1.145.404	1,2%	13	2,3%	7	2,9%	20
Skólagjald	8.081.560	8,2%	42	7,5%	18	7,5%	60
Staðarlota ferðastyrkur	210.000	0,2%	4	0,7%	2	0,8%	6
	99.029.289	100%	561	100%	239	100%	800

Heiti styrks	Hækkun/lækkun í kr. 2021/2020	Hækkun/lækkun í % 2021/2020	Fjöldun/fækkun styrkja 2021/2020
Háskólanám tengt og ótengt starfi*	51.294.003	71,1%	333
Námskeiðsgjald	11.061.451	63,3%	130
Ráðstefnugjald	141.226	12,3%	8
Skólagjald	5.029.820	62,2%	30
Staðarlota ferðastyrkur	210.000	100,0%	6
	67.736.500	68,4%	507

*Árið 2021 var byrjað að skipta upp háskólanámi í tengt og ótengt starfi.

Styrkir vegna vísindaverkefna

Vísindaverkefni Starfspróun Heiti styrks	Greidd upphæð 2021	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Fjöldi styrkja 2021	Hækkun/lækkun í kr. 2021/2020	Hækkun/lækkun í % 2021/2020	Fjöldun/fækkun styrkja 2021/2020
Fræðibækur	1.123.228	7,30%	59	42,10%	16	47,10%	75	25.318	2,30%	6
Háskólanám	10.409.645	68,00%	51	36,40%	9	26,50%	60	-8.281.005	-79,60%	-71
Náms- og kynnisferðir	585.887	3,80%	7	5,00%	2	5,90%	9	-2.991.519	-510,60%	-68
Námskeið	2.605.416	17,00%	16	11,40%	5	14,70%	21	-4.261.740	-163,60%	-63
Ráðstefnur	578.540	3,80%	7	5,00%	2	5,90%	9	-3.094.230	-534,80%	-46
	15.302.716	100%	140	100%	34	100%	174	-18.603.176	-121,60%	-242

Styrkir til stofnana, sviða, vinnustaða

Fræðslusjóður Sameykis

Eitt af verkefnum Fræðslusjóðs Sameykis er að úthluta styrkjum til Reykjavíkurborgar, Félagsbústaða, Strætó og Faxaflóahafna. Fræðslusjóður úthlutaði 12.952.840 kr. á árinu 2021, 9.038.700 kr. á árinu 2020. Alls voru þetta 28 styrkir; 22 til Reykjavíkurborgar, 3 til Strætó og 3 vegna félagsliðanáms í Borgarholtsskóla.

Framlag Fræðslusjóðs til starfspróunarstyrkja var rúmar 51,5 milljónir á árinu 2021 en stjórnin hefur falið stjórn Starfsmenntunarsjóðs að sjá um úthlutun starfspróunarstyrkjanna með sama hætti og gert er hjá Próunar- og símenntunarsjóði.

Próunar- og símenntunarsjóður Sameykis

Próunar- og símenntunarsjóður Sameykis úthlutar styrkjum til stofnana, ráðuneyta og atvinnurekenda sem greiða í sjóðinn. Þetta eru Ás styrktarfélag, Fríhöfnin, Isavia, Klettabær, Matís, Rarik,

ríkisstofnanir, ráðuneyti fyrir starfsfólk í FSS, SÁÁ, SFV - Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjálfseignarstofnanir, Skálatún og Vinakot.

Á árinu 2021 úthlutaði Próunar- og símenntunarsjóður 19.201.401 kr., en 46.876.639 kr. á árinu 2020. Alls voru þetta styrkir vegna 25 verkefna, þar á meðal verkefna á vegum Fangelsismála-stofnunar, Fiskistofu, Flensborgarskóla, Hafrannsóknastofnunar, Klettabæjar, Landspítala, Rarik, Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins, Ríkiskaupa, SÁÁ, Samskiptamiðstöðvar heyrnarskertra og heyrnarlausra, Vinnueftirlitsins, Skógræktarinnar, Sýslumannsins í Vestmannaeyjum, Útlendingastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Einnig voru sameiginleg verkefni Próunar- og símenntunarsjóðs og Fræðslustofnunar Starfsmenntar styrkt líkt og fyrri ár. Síðan Starfsmennt var sett á fót hafa fræðsluverkefni á auknum mæli flust þangað.

Líkt og fyrri ár hefur stjórn Starfsmenntunarsjóðs séð um afgreiðslu starfspróunarstyrkja fyrir hönd stjórnar Próunar- og símenntunarsjóðs og var framlag sjóðsins rúmar 48 milljónir á árinu 2021. ■



Fræðslustarf Sameykis

Helstu fræðslutengdu verkefni á árinu 2021 voru skipulagning trúnaðarmannafræðslu, Gott að vita námskeiðin, samstarf við fræðslumiðstöðvar, þátttaka í Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina og starf með Menntanefnd BSRB svo eitthvað sé nefnt. Covid-19 setti áfram svip sinn á fræðslustarf sem fór að mestu fram í fjarnámi þó þau tækifæri sem gáfust til staðnáms væru einnig nýtt.

Meðal ánægjulegra áfanga sem náðust á árinu var að 23 starfsmenn sem starfa hjá Vinnumálastofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun útskrifuðust úr raunfærnimati samkvæmt viðmiðum starfs sérhæfðs þjónustufulltrúa. Þar með lauk ánægjulegu tilraunaverkefni þar sem áhersla var lögð á að gera hæfni starfsfólks sýnilega sem er mikilvægt á þeim umbreytingatímum sem fylgja fjórðu iðnbyltingunni.

Þá útskrifuðust sjötíu nemendur með diplóma í heilbrigðisgagnafræði frá HÍ, en það var haustið 2019 að ný námsbraut, heilbrigðisgagnafræði, innan Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands fór af stað. Samhliða var starfsheitinu lækningaritari breytt í heilbrigðisgagnafræðingur.

Starfsgreinaráð HFU vann áfram að endurskoðun á

hæfnikröfum starfa sem heyra undir ráðið. Mikilvægt er að uppfæra hæfnikröfur svo þær séu í takt við þróun starfa. Starfið í Menntanefnd BSRB hefur m.a. snúist um að skipuleggja menntadag ásamt að fjalla um færniþörf og þróun hennar meðal félagsmanna aðildarfélaga BSRB, hvaða störfum á eftir að fjölga og hvaða störfum muni fækka.

Gott að vita

Gott að vita fyrirlestrar og námskeið fyrir félagsmenn Sameykis og Kjalar urðu 52 talsins (samtsals 189 klukkustundir) á árinu 2021 og voru haldnir í Reykjavík, á



Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. 554 pláss voru nýtt á fyrirlestrunum og námskeiðunum. Þetta árið var mest allt í fjarnámi vegna Covid-19 en unnið var að því að finna leiðir til að koma fræðslu til fólks á þessum



GOTT AÐ VITA

skrítnu tímum. Þátttakendur fengu meðal annars innsýn í nýjungar í tækni, fræðslu um hvernig hægt er að viðhalda góðri heilsu, líkamlegri og andlegri, ásamt að læra frönsku, spænsku, árangursrík samskipti, skipulag heimilisins, að þrjóna, um fjármál og ræktun ávaxtatréja.

Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið mikilla vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er sú að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig þekkingu, enda hafa rannsóknir sýnt að þátttaka á hvers konar námskeiðum virkar oftast sem hvati til að læra meira.

Framvegis, miðstöð um símenntun, heldur utan

um námskeiðin í Reykjavík í samstarfi við Sameyki og fundar meðal annars með nefnd Sameykis um framtíðarvinnumarkað til að ákveða námsframboð fyrir hverja önn. Námskeiðin á Norðurlandi og á Vestfjörðum eru í samstarfi við Kjöl stéttarfélag, Farskóla Norðurlands vestra, Símei og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Fræðsla trúnaðarmanna

Nýtt trúnaðarmannaráð var kjörið í maí og setti það svip sinn á fræðslu trúnaðarmanna á árinu 2021. Boðið var upp á níu símenntunarnámskeið í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt og á haustönn voru haldin þrjú nýliðafræðslunámskeið. Einnig var að venju boðið upp á trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alþýðu, alls níu námskeið á árinu 2021. Námið skiptist upp í sex tveggja daga námskeið, alls 96 kennslustundir. Allir hlutar voru í boði á árinu og 1. hluti námskeiðsins var fjórum sinnum og 2. hluti var í boði tvisvar sinnum. Flest námskeið voru í fjarnámi árið 2021 og voru um 250 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum á ofangreindum námskeiðum, þar af voru 67% konur og 33% karlar.

“

Þá voru fimm tveggja klukkustunda námsstofur um styttingu vinnuvikunnar í vaktavinnu haldnar í janúar og febrúar. Markmiðið var að styrkja trúnaðarmenn í hlutverki sínu til að takast á við það verkefni að stytta vinnuvikuna, ...

Þá voru fimm tveggja klukkustunda námsstofur um styttingu vinnuvikunnar í vaktavinnu haldnar í janúar og febrúar. Markmiðið var að styrkja trúnaðarmenn í hlutverki sínu til að takast á við það verkefni að stytta vinnuvikuna, auka skilning trúnaðarmanna á nýjum launahvötum og mikilvægi jafnrar dreifingar vinnutíma og álags í nýju vaktakerfi. Námsstofurnar fóru fram á Teams. Þá voru einnig haldnir umræðufundir fyrir minni hóp trúnaðarmanna um leiðir og lausnir við innleiðingu styttingar vinnuvikunnar.

Símenntunarnámskeiðin voru Gagnrýnin hugsun og siðferðisleg álitamál, Út fyrir boxið – sköpunargleði og lausnamiðuð hugsun, Samþætting starfs og einkalífs, Árangursrík samskipti, Styttri vinnuvika almennt hjá Starfsmennt, Stytting vinnuvikunnar – vinnustofa, Öryggi í hlutverki trúnaðarmanna, Tími með sérfræðingum á kjaradeild og Vinnustofan Krefjandi samskipti/aðstæður. ■

Fræðslusetrið Starfsmennt

Árið 2021 voru tuttugu ár liðin frá stofnun Starfsmenntar og einkenndist árið því af þessum tímamótum. Nýtt merki var hannað og nokkrir viðburðir haldnir í tilefni stórafmælisins.



Meðal annars bauð Starfsmennt upp á ókeypis vefryrilestra um stafræna hæfni, umhverfisvernd og menningarnæmi og var ásóknin mjög góð. Hápunktur ársins var afmælisveislan sem var haldin

14. október á Grand hótél. Fulltrúar hagsmunaaðila, kennarar, samstarfsaðilar og aðrir velunnarar Starfsmenntar fengu boð í veisluna og sáu 75 manns sér fært að mæta, njóta stundarinnar og léttra veitinga og hlýða á erindi Herdísar Pálu Pálsdóttur um breytingar á vinnumarkaði.

Notkun rafræna miðla í námi festi sig enn betur í sessi árið 2021 þegar átta af hverjum tíu þátttakendum sóttu nám og

markaðinn og einstaklinga til að viðhalda atvinnuhæfni sinni. Stafræna byltingin krefst ekki aðeins hæfni til að nota tækni og stafræna miðla heldur þarfnast samfélagið þess að mannveran rækti með sér sína mannlegu eiginleika eins og tilfinninga-greind, þrautseigju, gagnrýna hugsun og sköpun. Framboð og eftirspurn árið 2021 endurspeglar þessa þörf að miklu leyti og m.a. má merkja stóru aukna eftirspurn eftir fræðslu til stuðnings heilbrigðu vinnumhverfi og jákvæðum samskiptum á vinnustað.

Ýmiss konar samstarf hélt áfram á árinu og lokahönd var lögð á nokkur verkefni. Tilraunaverkefni um raunfærnimat til styttingar náms skv. námskrám framhaldsfræðslunnar fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og sundlaugarverði lauk á árinu. SÍMEY á Akureyri stýrði því verkefni en Starfsmennt átti fulltrúa í stýrihópi. Tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum starfs sérhæfðs þjónustufulltrúa lauk einnig á árinu í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Vinnumálastofnun og Hús-

næðis- og mannvirkjastofnun. Formlegar útskriftir þátttakenda fóru fram á starfsstöð Vinnumálastofnunar á Skagaströnd þann 19. maí og á starfsstöð Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á Sauðárkróki þann 11. júní. Þá var námsefni við vefnámskeiðið Stafræna hæfnihjólíð endurskoðað og nokkur myndbönd endurgerð en námskeiðið er í boði fyrir alla endurgjaldslaust.

Erlenda samstarfs-verkefni Transforming VET 4.0, sem laut að þeim áskorunum sem starfsmenntun og starfsmenntakennar standa frammi fyrir í tengsl-



Stjórn og hluti starfsmanna Starfsmenntar, efri röð frá vinstri: Aldís Magnúsdóttir, Jóhanna Þórdórsdóttir, Björg Valsdóttir, Sólborg Alda Pétursdóttir og Halldóra Friðjónsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Arna Jakobína Björnsdóttir, Einar Mar Þórðarson, Guðfinna Harðardóttir, Þórarinn Eyfjörð, Elin Valgerður Margrétardóttir og Helga Rún Runólfssdóttir.

viðburði í gegnum vefmiðla. Afar áhugavert hefur verið að fylgjast með þessari hröðu þróun og hversu vel þátttakendur og kennarar hafa aðlagast breytingunum. Vefnámið er svo sannarlega komið til að vera enda samræmist formið kröfum notenda um stutta og snarpa fræðslu.

Árið 2021 voru viðburðir og fræðslutilboð á vegum Starfsmenntar alls 425 sem er mikil fjölgun frá árinu á undan þegar þau voru 290. Skráningum fjölgaði að sama skapi milli ára, úr rétt rúmlega 3.100 árið 2020 í 6.035 árið 2021. Þar munar einna mestu um fræðslu til stuðnings betri vinnutíma í vaktavinnu en skráningar á þau námskeið voru nærri 2.800 talsins.

Áfram var lögð áhersla á að bjóða námskeið til að efla stafræna hæfni og aðra þá þætti sem eru mikilvægir fyrir vinnu-

um við fjórðu iðnbyltinguna, lauk um miðjan maí með þriggja daga vefundi í umsjón Starfsmenntar. Verkefnið Com(m) on-line, sem hófst í árslok 2020, var hins vegar sett á ís sökum kórónuveirunnar og sótt um framlengingu til landsskrifstofu Erasmus+ í Belgíu. Markmið þess verkefnis er að skilja betur hvaða kennslufræði hentar efni og aðstæðum hverju sinni þegar kennsla og nám fara fram á stafrænum miðlum.

Starfsmennt tók gæðahandbók og gæðakerfi sitt til gagngerrar endurskoðunar á árinu og sótti um endurnýjun EQM-vottunar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Úttekt skv. EQM-viðmiðum um fræðslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat fór fram í desember og hlaut Starfsmennt endurnýjun gæðaviðurkennningar í kjölfarið til þriggja ára með gildistíma frá 1. janúar 2022. ■



Fulltrúar Sameykis í ýmsum stjórnnum, nefndum og starfshópum

Stjórn BSRB

Þórarinn Eyfjörð, 1. varaformaður BSRB (frá 29. sept. 2021-2024). Garðar Hilmarsson, 1. varaformaður BSRB (2018-29. sep. 2021). Árni Stefán Jónsson í stjórn til 29. sept. 2021

Kjaranefnd BSRB

Garðar Hilmarsson og Þórarinn Eyfjörð

Nefnd BSRB um fjölskylduvænt samfélag og jafnréttismál

Bryngeir A. Bryngeirsson

Menntanefnd BSRB

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir og Jóhanna Þórdórsdóttir

Velferðarnefnd BSRB

Herdis Jóhannsdóttir og Vésteinn Valgarðsson.

Réttindanefnd BSRB

Stefanía J. Nielsen og Þorsteinn Skúli Sveinsson

Umhverfisnefnd BSRB

Guðmundur Freyr Sveinsson

Yfirkjörstjórn BSRB

Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir

Stjórn ROM (Rekstrarfélag orlofsmála í Munaðarnesi)

Ólafur Hallgrímsson og Hörður Heiðar Guðbjörnsson

Stjórn ROE (Rekstrarfélag orlofsmála á Eiðum)

Ingunn H. Þorlákssdóttir

Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, varaformaður

Fulltrúi BSRB í Starfsnefnd LSR

Jakobína Þórðardóttir

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs

Garðar Hilmarsson

Stjórn Lífeyrissjóðs Starfsmanna Reykjavíkur

Ása Clausen og Þorgrímur Hallgrímsson, Kolbrún Hauksdóttir og Kjartan G. Ingvason varamenn

Úrskurðarnefnd um eftirlaun hjá LSRB

Jakobína Þórðardóttir og Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Stjórn Framvegis símenntunarmiðstöð

Jóhanna Þórdórsdóttir formaður, Bryngeir Arnar Bryngeirsson og Jakobína Þórðardóttir. Varamenn: Þórarinn Eyfjörð og Guðríður Sigurbjörnsdóttir.

Stjórn Starfsmenntar

Þórarinn Eyfjörð, formaður og Jóhanna Þórdórsdóttir varamaður

Úthlutunarnefnd

Þróunarverkefna Fræðslusjóðs

Jóhanna Þórdórsdóttir

1. maí nefnd Reykjavíkur

Þórarinn Eyfjörð

Vinnueftirlit ríkisins

Bryndís Teódórsdóttir varamaður

Stjórn RUR (Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu)

Árni Stefán Jónsson fram til 1. apríl og Þórarinn Eyfjörð eftir 1. apríl

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina

Jóhanna Þórdórsdóttir

Stjórn Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja

Ingibjörg Óskarsdóttir

Stjórn Félagamiðstöðvarinnar Grettisgötu 89

Þórarinn Eyfjörð

Vinumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins

Sigrún Helga Jónsdóttir
Ferðakostnaðarnefnd ríkisins
Guðmundur F. Guðmundsson

Erlent samstarf:

NOFS (Nordens Offentliganställdas Fackliga Samorganisation)

Árni Stefán Jónsson

NSO (Nordiska statstjänstemanna organisationen)

Árni Stefán Jónsson og Þórarinn Eyfjörð

NTR (Nordisk tjenestemandsråd)

Jakobína Þórðardóttir

Norræn samtök NFS

Árni Stefán Jónsson



Aftari röð frá vinstri: Egill Kristján Björnsson, Rut Ragnarsdóttir, Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, Gunnar Rúnar Matthíasson, Svanhildur Steinarsdóttir og Kári Sigurðsson. Fremri röð frá vinstri: Berglind Margrét Njálsdóttir, Ólafía L. Sævarsdóttir, Ingunn Hafðís Þorlákssdóttir, Bryngeir A. Bryngeirsson, Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Herdís Jóhannsdóttir og Þórarinn Eyfjörð. Á ljósmyndina vantar Elínu Helgu Sanko.

Stjórn Sameykis

Ný stjórn Sameykis tók til starfa að loknum aðalfundi félagsins 25. mars 2021. Næstu tvö ár á undan, eða frá sameiningu gömlu félaganna í janúar 2019, hafði stjórnin verið samsett úr báðum stjórnnum fyrirrennara félagsins. Samkvæmt lögum félagsins tók því ný stjórn til starfa og í henni sitja 15 einstaklingar. Haldinn var 21 almennur stjórnarfundur en stjórnin fundar að öllu jöfnu hálfsmánaðarlega á ári hverju.

Eðli máls samkvæmt þá var nokkuð um að stjórnarfundir ársins 2021 færu fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna fjöldatakmarkana sóttvarnaryfirvalda sem hafa verið í gildi í samfélaginu vegna Covid-19 faraldursins og vegna almennra sóttvarna.

Eins og gera má ráð fyrir þá komu fjölmörg mál til afgreiðslu stjórnar á árinu. Samskipti voru með ýmsum hætti við viðsemjendur og litaðist árið mjög af verkefnum tengdum styttingu vinnuvikunnar og COVID-19. ■

Stjórn Sameykis kosin á aðalfundi 2021:

Þórarinn Eyfjörð, formaður
 Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, varaformaður
 Elín Helga Sanko, ritari
 Berglind Margrét Njálsdóttir
 Bryngeir A. Bryngeirsson
 Egill Kristján Björnsson
 Gunnar Rúnar Matthíasson
 Herdís Jóhannsdóttir
 Hörður Oddfríðarson
 Ingunn Hafðís Þorlákssdóttir
 Jóhanna Lára Óttarsdóttir
 Kári Sigurðsson
 Svanhildur Steinarsdóttir
 Ólafía L. Sævarsdóttir
 Rut Ragnarsdóttir

Skrifstofa Sameykis

Verkefnin á skrifstofu Sameykis eru fjölbreytt en þar eru þjónusta og ýmis samskipti við félagsmenn veigamest, s.s. aðstoð við kjara- og réttindamál, umsóknir í sjóði félagsins og umsóknir um orlofshús auk daglegs rekstrar. Starfsfólk á skrifstofu heldur utan um allt félagsstarf og viðburði hjá Sameyki; stjórnarfundir, fulltrúaráðsfundi, trúnaðarmannaráðsfundi, fundi stjórna sjóða og fundi nefnda og deilda innan félagsins.

Haldnir voru rafrænir félagsfundir með félagsfólki víðs vegar um landið, þ.e. einn fundur fyrir hvern landshluta en fleiri fundir voru þó haldnir sameiginlega fyrir höfuðborgarsvæðið og Reykjanes. Félagsfólk Sameykis var almennt ánægt með þetta fundafyrirkomulag. Fjarfundafyrirkomulagið opnar á að halda oftar fundi með félagsmönnum og jafnvel styttri fundi um afmörkuð málefni. Á hinn bóginn er sóst eftir upplýsingafundum sem haldnir verða á hverjum stað fyrir sig og tilhökkunarefni þegar hægt verður að hittast á ný í raunheimum.

Starfsemi skrifstofunnar fór ekki varhluta af ástandinu vegna

heimsfaraldursins og um tíma var BSRB-húsið á Grettisgötu 89 lokað fyrir heimsóknum og starfsmannahópurinn tvískiptur þar sem annar hópurinn mætti til vinnu á skrifstofuna á meðan hinn hópurinn vann heima. Þetta þekkja orðið margir á vinnumarkaði og fólk lagar sig almennt vel að breyttum aðstæðum. Í þessu ástandi hafa fjarfundir orðið almennari og starfsmannafundir og fleiri fundir skrifstofunnar ósjaldan haldnir þannig – sem oft á tíðum er til mikillar hagræðingar.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum á skrifstofunni á árinu og var það raunar fyrir séð með þeim skipulagsbreytingum og áherslum sem lagðar voru við sameiningu félaganna. Fjórir nýir starfsmenn bættust í hópinn og tveir létu af störfum. Á haustmánuðum var farið í átak í flokkun og vistun skjala frá fyrri tíð og voru ráðnir til þess tveir starfsmenn í hlutastarf í atvinnuáttaksverkefni. Samhliða þessu verkefni stendur yfir innleiðing á WorkPoint skjala- og málakerfi. Avanti ráðgjöf í skjalastjórnun hefur verið skrifstofunni til ráðgjafar í þessum verkefnum og miðar þeim vel áfram. ■

Starfsfólk skrifstofu Sameykis



Anna Dóra Þorgeirsdóttir
Fjármálafulltrúi



Axel Jón Ellenarson
Kynningarfulltrúi



Árni Stefán Jónsson
Kjaradeild



Guðmundur Freyr Sveinsson
Deildarstjóri kjaradeildar



Guðný Elísabet Leifsdóttir
Fjármálastjóri



Gunnsteinn R. Ómarsson
Skrifstofustjóri



Hrannar Gíslason
Verkefnastjóri sjóða



Íris Gefnardóttir
Þjónustufulltrúi



Jakóbína Þórðardóttir
Deildarstjóri félagsdeildar



Jóhanna Þórðorsdóttir
Fræðslustjóri



Kristín Erna Arnardóttir
Sérfræðingur í félagsdeild



Kristín María Magnúsdóttir
Sérfræðingur í rekstrardeild



Lára Júlíusdóttir
Verkefnastjóri sjóða



Margrét Einarsdóttir
Þjónustufulltrúi



Ólafur Hallgrímsson
Rekst.stjóri fasteigna orlofssjóðs



Stefanía Jóna Nielsen
Sérfræðingur í kjaradeild



Þórarinn Eyfjörð
Formaður



Þorsteinn Skúli Sveinsson
Lögfræðingur í kjaradeild

Útgáfa og miðlun


Á vef Sameykis voru birtar 286 fréttir, pistlar og tilkynningar á árinu 2021 sem erindi átti til félagsmanna. Ritstjórnarstefna fyrir vef og tímarit Sameykis var samþykkt af stjórn og hægt er að nálgast hana þar.

Vefur Sameykis er þjónustuvefur og í gegnum hann er hægt að nálgast ýmsa þjónustu í gegnum mínar síður auk þess sem afgreiðslur ýmissa mála fara í gegnum vefinn. Þegar lykiltölur fyrir sameyki.is frá janúar 2021 til loka desember sama ár eru skoðaðar kemur eftirfarandi í ljós: 343.753 heildar heimsóknir voru á vefinn af 118.575 notendum sem er fjölgun frá fyrra ári og skoðuðu þeir 641,629 stakar síður á vefnum. 70.5% þeirra


í annað sinn þá annað hvort tekur tækið ekki við vafrakökum, vafrakökunni verið eytt eða tækið er að nota nýtt tæki eða vafra. Raunveruleikinn kann að vera sá að tækið hefur verið á vefsíðunni áður, en hvað varðar vefgreiningarkerfið sem Sameyki notar við mælingar á vefnum er það ekki með vafraköku á tækinu sínu og því mun það koma fram við tækið sem nýjan gest. Þar af leiðandi er hlutfall gesta sem teljast nýir almennt ofmetið og þar sem það hefur orðið breyting með tímanum, endurspeglar það líklega einhverja raunverulega undirliggjandi hegðun varðandi þessar heimsóknir.

Fleiri konur en karlar heimsækja vefinn samkvæmt mælingum.

Fréttir á vef Sameykis




Pistlar á vef Sameykis




Heimsóknir á vef eftir aldri

Aldur



Heimsóknir á vef eftir kyni

Kyn



notenda eru nýir notendur á vefnum en 29.5% eru reglulegir notendur.

Þessar heimsóknir þarf að skoða með varúð vegna þess að gestur á vefsíðunni er auðkenndur sem nýr ef tækið er ekki nú þegar með eina af vafrakökum vefgreiningarkerfisins. Ef tækið er ekki með vafraköku (að því gefnu að tækið loki ekki á vafrakökur), þá er því gefin vafrakaka. Sú staðreynd að tækið er með vafraköku þýðir að farið er með heimsóknina sem endurheimsókn eða reglulega heimsókn.

Hafa ber einnig í huga að þegar gestur heimsækir vefsíðuna


Tæplega 60% eru konur en rúm 40% karlar og er í takti við það sem hefur verið. Aldursflokkurinn 25-34 ára koma oftast inn á vefinn og er sá hópur sem skoðar helst kjarasamninga og réttindamál.

Glöggir lesendur vefsins hafa tekið eftir því að nýr flokkur hefur verið búinn til sem heitir Pistlar, og er honum ætlað að birta skoðanagreinar og pistla frá sérfræðingum og félagsfólki.

Mínar síður

Á Mínur síðum getur félagsfólk sótt um styrki í þeim sjóðum sem heyra undir þeirra kjarasamninga. Á árinu var bætt inn félagsskírteini og geta félagsmenn nálgast það undir mínar upplýsingar.

- Alls eru innskráningar á Mínar síður Sameykis 30.067 sl. 12 mánuði
- Notendur skoðuðu að meðaltali 3,8 síður í hverri heimsókn og dvöldu að meðaltali í 4 mínútur í hverri heimsókn.
- Um 45% innskráninga koma frá snjallsímum og 2,8% úr spjaldtölvum.



Tímarit Sameykis

Tímarit Sameykis kom út fjórum sinnum á síðasta ári. Lagt hefur verið áherslu á að í blaðinu sé fjölbreytt efni og greinar sem endurspeglar samfélagsgerðina og skapa umræðu um mál sem varða félagsfólk Sameykis. Einnig hefur útliti blaðsins verið umbylt og fært nær þeim systurlöðum sem gefin eru út af stéttarfélögum á Norðurlöndunum. Ljósmyndir fá meira pláss en áður og áhersla er lögð á léttleika og skýrleika í hönnun blaðsins. Heiti þess var breytt í Tímarit Sameykis í takt við efnistösk. Leitað er til sérfræðinga á sínu sviði til að skrifa burðargreinar í tímaritið til að fá sem bestan skilning á ýmsum málum sem varða Sameyki og samfélagið. Þá er mikið lagt upp úr viðtölum við félagsfólk hverju sinni. Tímaritið er hannað og undirbúið til prentunar á skrifstofu Sameykis og er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er blaðið prentað með svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.

Facebook - @sameyki

Fylgjendur á Facebook síðu félagsins eru rúmlega 6000. Þar birtast fréttir frá Sameyki og leitast er við að deila áriðandi tilkynningum til félagsfólks og ýmsum fróðleik. Öll námskeið sem Sameyki stendur fyrir er nú hægt að skoða og skrá sig á í viðburðadagatali á Facebook síðu félagsins. Hægt er að stofna umræður á Facebook undir kenniheitið @sameyki.

Twitter - @sameyki2019

Sameyki stofnaði seint á árinu 2021 Twitter reikning og hyggst þar vekja athygli á félaginu og taka þátt í samfélagsumræðunni að einhverju leyti. Fréttir frá félaginu þar hafa vakið athygli og í gegnum þann samfélagsmiðil hefur Sameyki vakið athygli í fréttatímum. Stefnt er að því að vakta enn frekar Twitter og deila þar inn fréttum eftir því sem kostur er. Hægt er að vitna í Sameyki í umræðum á Twitter með kenniheitið @sameyki2019.

Instagram - #sameyki

Sameyki er ekki virkt á Instagram nema að því leyti að þar birtast annað slagið ljósmyndir af því sem hefur verið að gerast en vegna COVID-19, eins og gefur að skilja, hefur ekki verið lagt

sérstök áhersla á virkni þar. Auglýstir eru viðburðir Sameykis og annað það sem þykir fréttuæmt hjá félaginu jöfnum höndum á Instagram og Facebook. Sameyki notar myllumerkið #sameyki á Instagram.

Veffréttabréf

Veffréttabréfið er sent reglulega á netfang félagsmanna. Sendar eru út tilkynningar um námskeið, kosningar og fréttir sem eiga erindi. Veffréttabréfið hefur skilað góðum árangri þegar fundir Sameykis eru haldnir og þegar koma þarf mikilvægum skilaboðum á framfæri skjótt út til félagsfólks.

Orlofsblað

Orlofsblað Sameykis kom seint úr árið 2021 eða í byrjun apríl. Ákveðið var í kjölfarið að orlofsblaðið yrði unnið alfarið innan-húss, útliti þess breytt og það kæmi út í febrúar ár hvert.

Orlofsblaðið á að þjóna hlutverki handbókar sem gott er að grípa til og afla sér nauðsynlegra upplýsinga um alla orlofskosti og annað þeim viðkomandi á þægilegan og skýran máta. Þar er að finna lýsingar á öllum orlofshúsum og orlofskostum félagsins sem standa félagsfólki til boða, auk ítarlegra leiðbeininga um orlofskerfi Sameykis. Orlofsblaðið er ávallt sent heim til allra félagsmanna í Sameyki. Stefnt er að því að endurskoða, fegra og einfalda Orlofshúsavæf Sameykis. Slóðin á Orlofshúsavæfinn er orlof.is/sameyki/.

Ársskýrsla

Sameyki gaf út í annað sinn ársskýrslu sína á árinu 2021 og lagði fram á aðalfundi stéttarfélagsins sem haldinn var fimmtudaginn 25. mars 2021.

Dagbók

Gefin var út dagbók og var félagsfólki boðið að fá hana senda eða sækja sjálft á skrifstofu félagsins. Bókin er í A6 opnu broti og inniheldur auk dagatalsins ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfsemi félagsins. Fjölmargir nýttu sér að fá bókina senda til sín í pósti. ■

Orlofsmál Sameykis

Á árinu 2021 einkenndist af mikilli uppbyggingu orlofshúsa á orlofshúsasvæði Sameykis í Munaðarnesi. Þar er nú unnið að endurnýjun á orlofshúsum í Eyrarhlíð og er áætlað að þau fari í útleigu snemma í sumar. Húsin eru 90 fm að stærð og standa við Eyrarhlíð númer 30, 33 og 34. Orlofshúsin í Munaðarnesi eru öll vel útbúin og markmiðið er auðvitað að vel fari um alla sem þar dvelja. Þægileg útihúsgögn og gasgrill fylgja húsunum ásamt heitum pottum sem eru við hvert hús. Í eldhúsum eru ísskápur, eldavél með ofni, örbylgjuofn og borðbúnaði fyrir allt að tólf gesti. Sameyki er stolt af því að geta boðið félagsfólki sínu þessi nýju og glæsilegu orlofshús á þeim fagra stað sem Munaðarnes er til leigu. Orlofshús félagsins við Arnarstapa á Snæfellsnesi er verið

að endurgera að innan og mun án efa verða áfram sá sælureitir sem hingað til. Reiknað er með að það verði tilbúið til útleigu á vormánuðum. Til stendur að hefja endurnýjun og byggingu nýrra orlofshúsa í náttúruperlunni á orlofssvæði Sameykis við Úlfjótssvatn og hefur félagið unnið að útfæra svæðið nánar.

Rekstur og útleiga orlofshúsa Sameykis á árinu 2021

Rekstur orlofssjóðs og útleiga orlofshúsa er einn af mikilvægustu þáttum í þjónustu félagsins ásamt því að bjóða upp á aðra orlofskosti s.s. ferðaávisanir (hótel- og gistimiðar), gjafabréf í flug innanlands og erlendis. Veiðikort, útleigu-

Nýting á orlofshúsum Sameykis 2021 á sumarorlofstíma

Orlofshús	Leigðir dagar	Framboð leigudaga	Nýting
Akresel við Álftavatn	91	91	100,0%
Akureyri - Holtaland 1	89	91	97,8%
Akureyri - Holtaland 3	91	91	100,0%
Akureyri - Kjalarsíða 1a (201)	70	70	100,0%
Akureyri - Kjalarsíða 1a (202)	70	70	100,0%
Akureyri - Kjalarsíða 1a (401)	70	70	100,0%
Akureyri - Kjalarsíða 1b (301)	70	70	100,0%
Akureyri - Kjalarsíða 1b (402)	70	70	100,0%
Akureyri Hamratún 26	89	91	97,8%
Akureyri Kjarnabyggð - Gata mánans hús nr. 5	91	91	100,0%
Akureyri Skálátún 35	88	91	96,7%
Arnarstapi Sölvaslóð 7	91	91	100,0%
Bær III Drangsnesi	77	77	100,0%
Blönduós - Brautarhvamur	91	91	100,0%
Eiðar hús 10	84	91	92,3%
Eiðar hús 11	84	91	92,3%
Eiðar hús 12	88	91	96,7%
Eiðar hús 5	77	91	84,6%
Eiðar hús 13	83	91	91,2%
Eiðar hús 14	84	91	92,3%
Hólar í Hjaltdal - Nátthagi 20 - íbúð 201	77	84	91,7%
Hólasetur í Biskupstungum	91	91	100,0%
Hólmavík, Lækjartún 7	77	91	84,6%
Húsafell Hraunbrekkur 4	91	91	100,0%
Húsafell Hraunbrekkur 6	91	91	100,0%
Illugastaðir nr. 21	84	84	100,0%
Krossholt	84	91	92,3%
Lindarbakkir nr. 4	84	91	92,3%
Munaðarnes Bjarkarás 10 f/fat	91	91	100,0%
Munaðarnes Bjarkarás 3	91	91	100,0%
Munaðarnes Bjarkarás 5	91	91	100,0%
Munaðarnes Stekkjarhóll 72	91	91	100,0%
Munaðarnes Stekkjarhóll 73	91	91	100,0%
Munaðarnes Stekkjarhóll 74	78	85	91,8%
Munaðarnes Stekkjarhóll 76	91	91	100,0%
Munaðarnes Stekkjarhóll 77	91	91	100,0%
Munaðarnes Stekkjarhóll 78	84	91	92,3%
Munaðarnes Stekkjarhóll 79	91	91	100,0%
Munaðarnes Stekkjarhóll 80	91	91	100,0%
Munaðarnes Vörðuás 11	91	91	100,0%

Orlofshús	Leigðir dagar	Framboð leigudaga	Nýting
Munaðarnes Vörðuás 12	91	91	100,0%
Munaðarnes Vörðuás 14	82	91	90,1%
Munaðarnes Vörðuás 17	91	91	100,0%
Norðurás í Svinadal	91	91	100,0%
Nortia - 120 fm íbúð	84	91	92,3%
Nortia - 87 fm íbúð	84	91	92,3%
Reykjavík Grandavegur 42 D	84	91	92,3%
Reykjavík Grandavegur 42 G	73	91	80,2%
Reykjavík Grandavegur 45	66	91	72,5%
Reykjavík Söltún 12	79	91	86,8%
Selásar 20 Borgarbyggð	91	91	100,0%
Skorradalur	91	91	100,0%
Spánn Calle no 5 Samara complex no 5.	44	91	48,4%
Spánn íbúð nr. 48 við ströndina Los Arelanes	77	91	84,6%
Spánn íbúð nr. 5 við ströndina Los Arelanes	38	91	41,8%
Stykkishólmur - Reitarvegur 2	91	91	100,0%
Súðavík	77	91	84,6%
Suðureyri við Súgandafjörð	70	70	100,0%
Úlfjótssvatn nr. 10	82	91	90,1%
Úlfjótssvatn nr. 1	86	91	94,5%
Úlfjótssvatn nr. 11	91	91	100,0%
Úlfjótssvatn nr. 12	91	91	100,0%
Úlfjótssvatn nr. 2	86	91	94,5%
Úlfjótssvatn nr. 4	74	91	81,3%
Úlfjótssvatn nr. 5	78	91	85,7%
Úlfjótssvatn nr. 6	86	91	94,5%
Úlfjótssvatn nr. 7	88	91	96,7%
Úlfjótssvatn nr. 8	88	91	96,7%
Úlfjótssvatn nr. 9	74	91	81,3%
Úthlíð	91	91	100,0%
Vaðnes Bollagarðar 1	83	91	91,2%
Vaðnes Bollagarðar 10	91	91	100,0%
Vaðnes Bollagarðar 2	91	91	100,0%
Vaðnes Bollagarðar 3	91	91	100,0%
Vaðnes Bollagarðar 4	84	91	92,3%
Vaðnes Bollagarðar 5	91	91	100,0%
Vaðnes Bollagarðar 6	91	91	100,0%
Vaðnes Bollagarðar 8	84	91	92,3%
Heildarmýting	6.524	6.938	94,0%



kort og orlofsávisanir. Þá á og rekur félagið alls 68 orlofshús og íbúðir víðs vegar um landið og í útlöndum.

Orlofshús í eigu Sameykis

Á Vesturlandi: Sameyki á orlofshús í Svínadal Hvalfirði, eitt orlofshús í Skorradal, tvö orlofshús í Húsafelli, tuttugu orlofshús í Munaðarnesi, eitt orlofshús í Selásum og eitt orlofshús á Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Á Norðurlandi: Sameyki á tvö orlofshús í Hálöndum á Akureyri, tvær íbúðir á Akureyri og eitt orlofshús í Kjarnaskógi.

Á Austurlandi: Sameyki á sex orlofshús á Eiðum.



Á Suðurlandi: Sameyki á tólf orlofshús á Úlfjótssvatni, átta orlofshús í Vaðnesi og eitt orlofshús við Álftavatn. Þrjú orlofshús í Biskupstungum þ.e. Úthlíð, Hólasetur í Fellskoti og Akrakot sem er á áætlun um endurbyggingu.

Í Reykjavík: Sameyki á fjórar íbúðir í Reykjavík.

Útlönd: Sameyki á þrjár eignir á Spáni, allar í nágrenni Alicante. Um er að ræða hús í Quesada og 2 íbúðir í fjölbýlishúsi við ströndina Los Arenales del Sol.




Nýting orlofshúsa

Á meðfylgjandi töflu hér til hliðar má sjá nýtingu orlofshúsa Sameykis sumarið 2021. Meðalnýting allra orlofshúsa félags var 94%. Þá hefur nýting orlofshúsa félagsins veturinn 2021-2022 í helgarleigu það sem af er vetri verið mjög góð og þá hefur einnig verið ágætis nýting á orlofshúsunum virka daga.

Endurleiguorlofshúsnæði

Á hverju ári tekur félagið mismörg orlofshús á leigu til framleigu til félagsmanna. Sumarið 2021 tók félagið á leigu sextán orlofseignir víðs vegar um landið en flestar á Akureyri þ.e. fimm og á Vestfjörðum fimm eignir. Þá skipti félagið á eign að Úlfjótssvatni fyrir orlofshús að Illugastöðum.

Útleiga sumarhúsa Sameykis sumarið 2021



**SAMEYKI**

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis hélt 7 stjórnarfundum á árinu 2021. Afgreiddar voru alls 5274 umsóknir að upphæð kr. 254.885.173 kr. sem er hækkun milli ára um 21,7 milljónir eða 9%. Umsóknunum fjölgaði um 7,9% milli ára.

Sjúkradagpeningar eru stærsti útgjaldaliður sjóðsins eða 40% af heildarútgjöldum. Samtals 102,5 milljónir voru greiddar sem er hækkun frá árinu 2020 um 7,4 milljónir en samtals voru greiddar 95,1 milljónir 2020.

Fjöldi umsókna um fæðingarstyrk voru 142, að upphæð 29,5 milljónir eða 12% af heildarútgjöldum. Það er ánægju-efni að þessi styrkur hefur farið ört vaxandi síðastliðin ár þó að eilítil samdráttur hafi verið milli 2020 og 2021 eða 10 færri umsóknir á milli ára. Sálfræðistyrkur var hækkaður áramótin 2018/2019, við breytinguna hækkaði sá styrkur úr 6,5 milljónum í 11,7 milljónir 2019 eða rúmar 5 milljónir. Árið 2020 voru alls 12,6 milljónir greiddar í alls 586 umsóknum eða 5% af útgjöldum sjóðsins. Enn er vöxtur á þessum styrk, samtals voru greiddar 17,4 milljónir 2021 sem er

38% aukning og 7% af heildarútgjöldum sjóðsins. Sjúkraþjálfun hækkar einnig mikið milli ára, alls voru greiddar 17,9 milljónir sem er 33% hækkun á milli ára. Þessir tveir styrkir, sjúkraþjálfun og sálfræði hafa aukist mikið á covid tímum og eru samtals um 14% af gjöldum sjóðsins.

Að venju er líkamsræktarstyrkurinn vinsælasti styrkurinn en alls voru afgreiddar 1.619 umsóknir að upphæð 33,1 milljónir. Mun fleiri konur en karlar nýttu sér styrkina, eða 3950 konur sem fengu afgreidda 75% af fjölda á móti 1330 körlum eða 25% af umsóknum.

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis

Kosin voru á aðalfundi 2021 í stjórn Jóhanna Lára Óttarsdóttir frá Sýslumanninum í Reykjavík (tilnefnd af stjórn), Ómar Árnason frá Tækniskólanum, Pálmey H. Gísladóttir frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Pétur Ásbjörnsson frá Landspítala, Erlingur Arthursson frá HNLFI og Katrín Kristín Hallgrímsdóttir frá Hólabrekkuskóla.

Flokkur	Greidd upphæð 2021	Konur	% kvk	Karlar	% kk	Fjöldi styrkja 2021	% Fjöldi styrkja
Augnaðgerð	3.000.000 kr.	22	71,0%	9	29,0%	31	1,2%
Dánarbætur	1.100.000 kr.	5	71,4%	2	28,6%	7	0,4%
Ferðastyrkur	390.000 kr.	15	75,0%	5	25,0%	20	0,2%
Fæðingarstyrkur	29.531.078 kr.	77	54,2%	65	45,8%	142	11,6%
Gleraugna eða linsukaupastyrkur	7.678.103 kr.	315	76,1%	99	23,9%	414	3,0%
Heilsustofnun NLFÍ	1.685.000 kr.	20	76,9%	10	38,5%	26	0,7%
Heyrnartæki	4.148.140 kr.	19	63,3%	13	43,3%	30	1,6%
Hjartarvernd	820.000 kr.	26	63,4%	15	36,6%	41	0,3%
Krabbameinsrannsóknir framh.	368.386 kr.	33	80,5%	8	19,5%	41	0,1%
Krabbameinsskoðun	1.544.131 kr.	322	100,0%	0	0,0%	322	0,6%
Líkamsrækt	33.165.070 kr.	1.123	69,4%	496	30,6%	1.619	13,0%
Sálfræðingur/félagsráðgjafi	17.470.739 kr.	607	75,4%	198	24,6%	805	6,9%
Sérstakar aðstæður	- kr.	0		0		0	0,0%
Sjúkradagpeningar	102.591.115 kr.	266	76,7%	81	23,3%	347	40,2%
Sjúkraþjálfun og nudd	17.989.452 kr.	808	78,7%	219	21,3%	1.027	7,1%
Tannlæknakostnaður	30.196.605 kr.	269	73,3%	98	26,7%	367	11,8%
Tæknifrjógvun	3.162.354 kr.	20	62,5%	12	37,5%	32	1,2%
Hætta að reykja	45.000 kr.	3	100,0%	0	0,0%	3	0,0%
Samtals	254.885.173 kr.	3.950	74,9%	1.330	25,2%	5.274	100,0%

Styrktarsjóður BSRB

Félagsfólk Sameykis stéttarfélags í almannajónustu sem starfa hjá Reykjavíkurborg, Strætó, Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun Sveitarfélaga, Sveitarfélaginu Akranesi og Sveitarfélaginu Seltjarnarnesi eru hluti félagsmanna Styrktarsjóðs BSRB.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB hélt 10 stjórnarfundir á árinu 2021. Afgreiddir voru styrkir til 4.439 félagsmanna að heildarfjárhæð kr. 226.115.172.

Helstu breytingar á styrkjum sjóðsins á milli árána 2020 og 2021 voru:

- Sjúkradagpeningar lækka um 27,5% milli ára sem er jákvætt en þeir höfðu hækkað um 49% milli ára 2019 og 2020.
- Líkamsræktarstyrkir hækka um 24,3% sem á sér eðlilegar skýringar enda var töluvert um lokanir á árinu 2020.

- Fæðingarstyrkir hækka um heil 48,5% milli ára sem eru mikil gleðitiðindi en styrkúthlutunum fjölgaði úr 158 í 227 milli ára.

- Sálfræðistyrkir hækka um 37,9% frá 2020 til 2021.

Konur stærri hluti styrkþega

Konur voru um 72% styrkþega eða 3.193 á móti 1.246 körlum.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB

Kosin voru á aðalfundi 2021 Þórveig Þormóðsdóttir, Starfsmannafélagi Stjórnarráðsins, formaður, Ingunn Jóhannesdóttir, Kili, Sandra Bryndísardóttir Franks, Sjúkraliðafélagi Íslands, Karl Rúnar Þórsson, Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og Þórarinn Eyfjörð, Sameyki. Varamenn eru Árný Erla Bjarnadóttir, FOSS stéttarfélag í almannajónustu og Edda R. Davíðsdóttir, Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar

Tegund styrks	Heildarúthlutun 2020	Heildarúthlutun 2021	%Greidd upphæð	kvk	% kvk	kk	% kk	Fj. styrkþega	Meðalgreiðsla
Dánarbætur	3.600.000 kr.	1.800.000 kr.	0,8%	6	50%	6	50%	12	150.000 kr.
Heilsustofnun	730.000 kr.	1.280.000 kr.	0,6%	14	78%	4	22%	18	71.111 kr.
Fæðingarstyrkur	34.111.465 kr.	50.637.788 kr.	22,4%	142	63%	85	37%	227	223.074 kr.
Glasafrjógungun	4.491.000 kr.	3.525.244 kr.	1,6%	20	77%	6	23%	26	135.586 kr.
Gleraugnastyrkur	5.532.093 kr.	6.199.783 kr.	2,7%	188	70%	81	30%	269	23.048 kr.
Hjartavernd	640.000 kr.	500.000 kr.	0,2%	16	64%	9	36%	25	20.000 kr.
Heyrnartæki	2.418.815 kr.	2.700.674 kr.	1,2%	12	57%	9	43%	21	128.604 kr.
Krabbameinsleit	1.890.328 kr.	766.452 kr.	0,3%	153	100%	0	0%	153	5.009 kr.
Krabbameinsleit frh	773.303 kr.	589.463 kr.	0,3%	52	85%	9	15%	61	9.663 kr.
Sjónlagsaðgerð	2.400.000 kr.	1.500.000 kr.	0,7%	11	73%	4	27%	15	100.000 kr.
Líkamsrækt	25.906.470 kr.	32.201.456 kr.	14,2%	987	67%	488	33%	1.475	21.831 kr.
Sálfræði	14.250.242 kr.	19.658.117 kr.	8,7%	613	76%	198	24%	811	24.239 kr.
Sjúkradagpeningar	92.256.958 kr.	66.866.662 kr.	29,6%	73	82%	16	18%	89	751.311 kr.
Sjúkrabjálfun og önnur endurhæfing	10.621.128 kr.	14.243.919 kr.	6,3%	579	75%	195	25%	774	18.403 kr.
Tannlæknakostnaður	16.772.117 kr.	23.645.614 kr.	10,5%	327	71%	136	29%	463	51.070 kr.
Samanlagt	216.393.919 kr.	226.115.172 kr.		3.193	72%	1.246	28%	4.439	50.938 kr.

Deild atvinnubílstjóra Strætó bs.

Pétur Karlsson formaður



Deild atvinnubílstjóra Strætó bs. var stofnuð formlega á stofnfundi í sal Sameykis á Grettisgötu þann 20. nóvember 2019. Starfsemi deildarinnar var ekki teljandi á árinu 2020 vegna covid-faraldursins en þó var einn stjórnarfundur snemma á árinu þar sem farið var yfir með hvaða hætti nýta mætti símenntun atvinnubílstjóra vegna atvinnuréttinda til eflingar launa. Svo voru tveir stjórnarmanna deildarinnar í samninganefnd, þeir Jónas Jakobsson og Pétur Karlsson, en kjarasamningar við Strætó voru undirritaðir þann 5. mars 2020.

Stjórnarmenn hafa einnig verið virkir í umræðum og eftirfylgni um styttingu vinnuviku hjá vaktavinnufólki sem tók gildi 1. maí 2021. Stofnuð hefur verið kjaranefnd innan Sameykis sem hefur það hlutverk að rýna í þau ákvæði sem urðu til við styttinguna hjá vaktavinnufólki og koma með tillögur að breytingum fyrir næstu kjarasamninga. Í þessari nefnd eru tveir stjórnarmenn, þau Ágústa Sigurðardóttir og Pétur Karlsson.

Í stjórn deildarinnar sitja enn þá þau sömu og samþykkt voru við stofnun hennar. Það eru þau Pétur Karlsson formaður auk meðstjórnenda, en þau eru Guðbjörg Karítas Sigurðardóttir, Ágústa Sigurðardóttir og Jónas Jakobsson. Skoðunarmaður reikninga er Pétur Gunnar Þór Árnason. Aðalfundur deildarinnar sem átti að vera í maí 2020 féll niður vegna covid og stóð til að halda hann í október sama ár en aftur frestaðist hann. Lagt var upp með að halda aðalfund í desember 2021 en enn og aftur varð að fresta því vegna covid. Það er von okkar í stjórninni að starfsemi deildarinnar komist á skrið á árinu 2022.

Hlutverk og markmið deildarinnar eru enn þau sömu og við stofnun hennar, fyrst og fremst að efla réttindi atvinnubílstjóra og vægi aukinna ökuréttinda auk þess að standa vörð um kjarasamningsbundin réttindi félagsmanna. Deildin lætur sér mjög annt um málefni vaktavinnufólks enda allflestir félagar í henni vaktavinnustarfsmenn. Það er skýr vilji stjórnar deildarinnar og mun hún beita sér fyrir því að stytting vinnuviku hjá vaktavinnufólki verði því til heilla og farsældar um komandi framtíð.



VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarféлага og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Fjórir ráðgjafar á vegum VIRK starfa í BSRB húsinu. Ráðgjafarnir eru Birna Muller, Karen Björnsdóttir, Ragnheiður Kristiansen og Elín M Erlingsdóttir. Starf þeirra felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik.

Í byrjun árs 2022 voru 2.400 einstaklingar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Þá höfðu tæplega 22.000 einstaklingar nýtt sér þjónustu VIRK frá því að fyrsti einstaklingur kom í starfsendurhæfingu á vegum VIRK árið 2009.

78% þeirra tæplega 14.000 einstaklinga sem lokið hafa þjónustu hjá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Alls hafa 1.805 einstaklingar leitað til ráðgjafanna í BSRB húsinu og 1.183 þeirra útskrifast eða lokið þjónustu.

Þjónustukannanir VIRK sýna að þjónustuþegar eru undan- tekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi starfsendurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK. Félagsmenn sem leita til sjúkrasjóðs Sameykis fá jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK.

Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB húsinu. Frekari upplýsingar um VIRK er að finna á www.virk.is. Einnig má senda tölvupóst á virk@bsrb.is eða hringja í síma 525 8300.

Framvegis – miðstöð símenntunar er einkahlutafélag í eigu tveggja aðildarfélaganna BSRB, þ.e. Sjúkraliðafélags Íslands og Sameykis stéttarfélagss í almannajónustu. Miðstöðin hefur starfað óslitið frá 2001, fyrst um sinn til að sinna sí- og endurmenntun fólks í starfsgreinum sem Fjölbrotaskólinn í Ármúla útskrifaði. Með inngöngu BSRB í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfsemin þróast talsvert og verkefnið orðið fjölbreyttari og náð til stærri hóps fullorðins fólks.

Starfsemin byggist að stórum hluta á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Miðstöðin er rekin til almannaheilla og því er



ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á vinnumarkaði.

Megináhersla Framvegis er að bjóða upp á vandað nám fyrir fólk á vinnumarkaði og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Auk þess sinnir miðstöðin raunfærnimati í almennri starfshæfni á móti viðmiðum atvinnulífsins sem og raunfærnimati á móti námi í formlega skólakerfinu. Árið 2021 var tuttugasta starfsár Framvegis og einkenndist það af talsverðum breytingum á högum starfsemi miðstöðvarinnar. Í ágúst flutti Framvegis í nýtt og stærra húsnæði að Borgartúni 20. Nýr húsakostur er sérhannaður fyrir starfsemina og eru starfsmenn og skjólstæðingar miðstöðvarinnar himinlifandi með þær jákvæðu breytingar sem nýtt húsnæði býður upp á. Til stóð að bjóða í afmælis- og opnunarhóf en vegna óstöðugleika í heimsfaraldrinum var því frestað og bíður betri tíma.

Reksturinn gekk með ágætum á árinu þrátt fyrir faraldursrask. Framvegis bauð upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir markhópa sína. Kenndar voru vottaðar námsleiðir sem og námskeið í samstarfi við NTV, Promennt, Fjölsmiðjuna og Fjölmenn. Að auki var góð samvinna við Starfsmennt, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins og Virk starfsendurhæfingarsjóð um námsframboð fyrir



skjólstæðinga þeirra. Raunfærnimati í almennri starfshæfni á móti viðmiðum atvinnulífsins var framkvæmt á árinu og nýju raunfærnimati á móti sjúkraliðabrot var hleypt af stokkunum, sem gekk vonum framár.

Námskeið voru nokkuð vel sótt á árinu og að vanda voru sjúkraliðar iðnir við að sækja sér símenntun. Aðsókn á námskeiða- og fyrirlestraröðina „Gott að vita“ sem Framvegis heldur utan um fyrir Sameyki var góð. Eins og árið á undan þurfti að laga námsfram-



boð að ástandinu á hverjum tíma og voru rafræn kennsla og rafrænir viðburðir ráðandi að mestu.

Þróunarverkefni hafa skipað stóran sess hjá Framvegis og voru nokkur slík í vinnslu hjá miðstöðinni á árinu. Þar á meðal voru verkefni í samvinnu við Skema, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og aðrar símenntunarmiðstöðvar á landinu.

Háskóladeild Sameykis

Baldur Vignir Karlsson formaður



Háskóladeild Sameykis var stofnuð 4. apríl 2019 á grunni starfs sem byrjaði 2016 og var ný stjórn kosin. Baldur Vignir Karlsson, Landspítala var kosinn formaður en í stjórn deildarinnar eru þau Bryndís Theódórsdóttir, Vinnumálastofnun, Bryngeir A.

Bryngeirsson, Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ, Egill Kristján Björnsson, Fangelismálastofnun, Elva Hrund Þórisdóttir, forstöðumaður frístundaheimilisins Regnbogalands, Kristín Hauksdóttir, Borgarsögusafni og María Sjöfn Árnadóttir, Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Varamenn eru þær Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Borgarbókasafni og Birna Björnsdóttir, Sjúkraliðafélaginu. Kristín Erna Arnadóttir er starfsmaður Sameykis í stjórninni.

Þessi stjórn var kosin til 2022 og mun því ljúka störfum á þessu ári. Árið 2021 sögðu sig úr stjórninni vegna anna þau Bryngeir A. Bryngeirsson, Bryndís Theódórsdóttir og María Sjöfn Árnadóttir og er þeim þakkað fyrir störf sín.

Háskóladeildin hélt 5 stjórnarfundum í skugga Covid-19 árið 2021. Áherslan þessa árs var að fjalla um hvernig væri hægt að koma því inn í kjarasamninga með skýrari hætti en nú er að menntun og þá sér í lagi háskólamenntun sé ávallt metinn

til launa. Í raun var niðurstaðan sú að það þyrfti bara að gera það og samninganefndin að leggja áherslu á það. Á síðari hluta árs fóru fundirnir að fjalla í meira mæli um hvort það væri ekki ráð að Háskóladeild Sameykis myndi sameinast menntanefnd BSRB. Rökin fyrir því eru að þó Sameyki sé stærsta félagið innan BSRB þá eru háskólamenntaðir einnig í öðrum félögum og nú er bæði Lögreglan komin með sína menntun á háskólastigi og einnig er framhaldsnám sjúkraliða á háskólastigi. Háskóladeildin er dálítið eins og eyland innann BSRB. Hugmyndin er að ef fleiri félög komi að þessu verði slagþunginn meiri og er fyrirhugað að taka þetta upp á BSRB þinginu ef það nær fram að ganga og ef forystufólk Sameykis og BSRB er samþykkt því. 263 eru skráðir í deildina.

Á fyrsta fundi ársins 2022 var rætt um hvernig væri hægt þrýsta á yfirvöld til að gera bragabót á Menntasjóð Námsmanna eða gamla LÍN og er áætlað að tak þetta einnig upp á BSRB þinginu.

Stjórn Háskóladeildar:

Baldur Vignir Karlsson
Egill Kristján Björnsson
Elva Hrund Þórisdóttir
Kristín Hauksdóttir
Guðríður Sigurbjörnsdóttir
Birna Björnsdóttir

Lífeyrisdeild Sameykis

Ingibjörg Óskarsdóttir formaður



Það gekk ekki vel hjá lífeyrisdeildinni árið 2021 að halda úti félagsstarfi. Það var ekki hægt að halda þorablót þannig að við ætluðum að athuga með vorhátíð, það gekk heldur ekki. Jónsmessuferðin var ekki farin frekar en síðasta ár.

Þá var stefna sett á haustfagnað og gekk vel að undirbúa hann og voru 140 búin að skrá sig og borga en við urðum hætta við hann líka. Bundum vonir við að geta gert okkur glaðan dag fyrir jól en það brást líka. Eitt var þó jákvætt við þetta covid ár en það var að við gátum afgreitt allar umsóknir í Símenntunarsjóð en úthlutun er tvisvar á ári, vor og haust. Setjum núna traust okkar á árið 2022.

Aðalfundur Lífeyrisdeildar var haldinn 10. júní sl. Dagskrá fundarins var samkvæmt starfsreglum deildarinnar og flutti

Ingibjörg Óskarsdóttir formaður Lífeyrisdeildar skýrslu um starfið. Sigurjón Gunnarsson gjaldkeri deildarinnar fór yfir reikninga. Kosið var í stjórn en fyrri stjórn bauð sig fram og voru þau öll endurkjörin. Í lok fundar flutti Jón Björnsson sálfræðingur áhugavert erindi um lífið og tilveruna, en þar fjallaði hann um seinni hálfleikinn.

Stjórn Lífeyrisdeildar Sameykis skipa:

Ingibjörg Óskarsdóttir
Bryndís Þorsteinsdóttir
Guðjón Magnússon
Guðrún Árnadóttir
Lilja Sörladóttir
Sigurður Helgason
Sigurjón Gunnarsson

Félag íslenskra félagsliða

Sigurbjörg Sara Róbertsdóttir formaður



Félag íslenskra félagsliða er fagfélag á landsvísi og eru félagsmenn í ýmsum stéttarfélögum, vítt og breitt um allt landið. Félag íslenskra félagsliða er með aðstöðu hjá Sameyki. Aðalfundur félagsins var haldinn 20. apríl 2021 og vegna Covid-19 var hann fjárfundur.

Stjórn félagsins var skipuð þeim Júlíusi Sævari Júlíussyni formanni, Sigurbjörgu Söru Róbertsdóttur varaformanni, Önnu Lilju Ásbjarnardóttur gjaldkera og Matthildi Ómarsdóttur ritara. Meðstjórnendur eru Sigurður Óskar Sigurðsson, Guðrún

Boyd og Kolbrún Björnsdóttir sem varamaður. 30. nóvember 2021 sagði Júlíus Sævar Júlíusson af sér formennskunni og við tók Sigurbjörg Sara Róbertsdóttir.

Stjórnarfundur er haldinn einu sinni í mánuði. Þá er farið vel yfir þau mál sem framundan eru og hvað hægt sé að gera til að auka félagsliðastéttina. Í febrúar 2021 fékk félagið neitun frá heilbrigðisráðuneytinu um löggildingu. Heilbrigðisráðuneytið telur að félagið tilheyrir velferðarráðuneytinu. Félagið heldur þeirri vinnu áfram. Félagi íslenskra félagsliða sendir á hverju ári dagbók til allra félagsmanna og auk þess hefur félagið gefið út afsláttarkort.

Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa

Kristbjörg Halla Lleshi Magnúsdóttir formaður



Starfsár félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa litadist eins og samfélagið allt af Covid-19 heimsfaraldrinum og takmörkunum sem samfélaginu var sett. Samkomutakmarkanir, sóttvarnir og engir fánlegir salir komu í veg fyrir starfsdaga og ráðstefnur sem hefðu að öllu jöfnu verið dagskrá. Stjórnarfundir fóru að mestu fram

í gegnum netið ásamt þeirri vinnu sem stjórnin tók að sér. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega að sumrinu undanskildu. Verkefni sem FÁR var að vinna að snýr að heimasíðu félagsins, fræðslu áfengis- og vímuefnaráðgjafa/nema og tilkynningum vegna einstaklinga sem starfa sem starfa sem áfengis- og vímuefnaráðgjafar án leyfis. Áhersla félagsins undanfarin misseri hefur verið á nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa og vill félagið stíga inn í þá umræðu af fullum þunga.

Fangavarðafélag Íslands

Victor Gunnarsson formaður



Aðalfundur FVFI var haldinn í fjárfundi 3. júní 2021. Kjörin var ný stjórn félagsins. Nýr formaður er Victor Gunnarsson, aðrir stjórnarmenn eru Baldur Gauti Tryggvason, Sigurður Rúnar Hafliðason, Sæmundur Valdimarsson og Haukur Örn Jónsson. Garðar Svansson er svo trúnaðarmaður FVFI. Trúnaðarmenn starfsdeilda eru svo varamenn stjórnar. Er það

von stjórnar að hægt verði endurvefja félagið en það hefur, af ýmsum ástæðum, legið í dvala. Haldnir voru félagsfundir með félögum á Sogni, Litla-Hrauni og Hólmsheiði, um málefni styttingar vaktavinnu. Því miður hefur nokkuð vantað upp á að stytting vinnuvikunnar í vaktavinnu gefist eins vel og stytting vinnuvikunnar í dagvinnu. Stærsta vandamálið er að töluverð undirmönnun hefur viðgengist hjá Fangelsismálastofnun í mörg ár. Við styttingu vinnuvikunnar í vaktavinnu hefur sú undirmönnun aukist til muna. Álag á starfsfólk hefur því aukist og hugmyndafræði styttingar

vinnuvikunnar hefur því ekki skilað sér til fangavarda. Þessi mannekla hefur einnig komið niður á öryggi í fangelsum.

Í janúar 2022 urðu fangaverðir á Hólmsheiði fyrir alvarlegri árás af hendi fanga. Tveir fangaverðir voru fluttir á heilbrigðisstofnun til aðhlynningar eftir þessa árás. Í framhaldi sendi félagið áskorun á dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra, Fangelsismálastofnun og Sameyki þar sem krafist var úrbóta á mönnun og aðbúnaði í fangelsum landsins. Við biðum enn úrlausnar vegna áskorunar okkar.

Fangavarðafélag Íslands hefur leitað til fagfélaga sem eru í sambærilegum aðstæðum varðandi styttingu vaktavinnu um samstarf og samvinnu í baráttu um öryggi á vinnustað. Hér er verið að tala um Lögreglufélag Íslands, Tollvarðafélag Íslands og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Framundan hjá FVFI er að fylgja eftir að stytting vaktavinnu verði með viðunandi hætti fyrir fangaverði.

Félag heilbrigðisgagnafræðinga

Hólmfríður Einarsdóttir formaður



Starfsárið 2020-2021 var mjög óhefðbundið eins og hjá flestum vegna heimsfaraldursins. Til stóð að halda veglegan afmælsaðalfund og námstefnu á Akureyri dagana 20. og 21. mars þar sem félagið varð 50 ára á árinu, en vegna samkomutakmarkana gekk það eðlilega ekki upp. Var fundinum því frestað til haustsins. Að endingu var boðið upp á rafrænan fund sem við streymdum frá fundarsal BSRB og var þátttakan ágæt. Kosningu og fyrirspurnum var stýrt í gegnum Facebook-síðu félagsins. Á fundinum frumsýndum við splunkunýtt merki félagsins.

Í nóvember fengum við skemmtilegt verkefni er undirrituð var beðin að vera gestafyrirlsari hjá Háskóla Íslands í heilbrigðis-

Í maí stóð til að halda frestaðan NOLO-stjórnarfund í Fær-eyjum sem upphaflega átti að vera í maí 2020, en NOLO er norrænn fundur þar sem tveir úr hverri stjórn félaganna á Norðurlöndum koma saman til þess að bera saman bækur um störfin, stöðu menntunar og ástand stéttarinnar almennt í löndunum. Það gekk ekki eftir og var því ákveðið að halda rafrænan fund í apríl og fresta fundinum til vorsins 2022. Á rafræna fundinum ræddum við stöðu covid í hverju landi og við kynntum stöðu háskólanámsins á Íslandi. Danmörk kynnti fyrir okkur stöðuna þar, en um haustið 2021 byrjaði nýtt 150 ECTS-eininga nám í háskólanum þar í landi og var mikill áhugi. Annar rafrænn fundur var svo í september 2021.

Í júní bar svo til tíðinda í sögu félagsins, er fyrsti árgangurinn útskrifaðist með diplómagráðu í heilbrigðisgagnafræði frá Háskóla Íslands. Rúmlega 100 nemendur hófu námið og rúmlega 70 útskrifuðust 19. júní. Þar sem háskólinn býður

diplómanemum ekki að vera við útskriftarathöfn á vegum háskólans, skipulagði stjórnin ásamt Gunnvöru kennslustjóra námsleiðarinnar hátíðlega athöfn sem haldin var í sal BS-RB-hússins. Þar fór afhending prófskrifteina fram og verðlaun voru veitt fyrir námsárangur. Engilbert Sigurðsson, þáverandi forseti læknadeildar HÍ, ávarpaði nýútskrifaða heilbrigðisgagnafræðinga og fór yfir þá löngu leið við að koma náminu á háskólastig og hvernig starfsumhverfið hefur breyst gríðarlega, frá því að vera skráning með ritvélum á pappír, yfir í að vera rafræn skráning í rafrænt sjúkraskrárkerfi og hvernig gamla starfsheitið var orðið úrelt og að leitað hafi verið til nýorðasmiða og hug-

myndafólks að nýju starfsheiti. Að endingu var boðið upp á söngatriði þar sem nýútskrifaður heilbrigðisgagnafræðingur flutti ljúfa tóna.



Stjórn Félags heilbrigðisgagnafræðinga við útskriftarathöfnina ásamt Rögnu kennara og Gunnvöru kennslustjóra.

isgagnafræði fyrir nýnema, um störf og hlutverk heilbrigðisgagnafræðinga, hvar þeir starfa og hvernig námið nýtist og tengist inn í starfið.

Við létum útbúa fyrir okkur penna, USB-lykla og hálsbönd með nýja merkinu sem við sendum öllum félagsmönnum að gjöf í tilefni 50 ára afmælisins. Einnig létum við útbúa barmmerki og merktar drykkjarkönnur sem til stóð að selja á hinum ýmsu viðburðum sem við sáum fyrir okkur að halda. Bæði bíður enn í kössum eftir að viðburðir verði haldnir.

Við gerðum aðra tilraun með að halda afmælsaðalfundinn og námstefnuna á Akureyri, nú í apríl, sem gekk ekki upp og var ákveðið að reyna aftur um haustið.

Stjórn Félags heilbrigðisgagnafræðinga:

Hólmfríður Einarsdóttir
Anna Haarde
Klara Berglind Gunnarsdóttir
Hildur Eyjólfsdóttir
Sigurbjörg Haraldsdóttir
Guðríður Sigurbjörnsdóttir
Birna Björnsdóttir



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU